

**Ólafur Oddsson**

# **GOTT MÁL**

**Ábendingar um algengar  
ritvillur og hnökra á máli og stíl**

**Menntaskólinn í Reykjavík  
2004**

© Ólafur Oddsson 2004

**Gott mál**

Ábendingar um algengar  
ritvillur og hnökra á máli og stíl

Menntamálaráðuneytið styrkti  
þetta verkefni

## Efnisyfirlit

Helstu skammstafanir.....	5
Inngangur .....	6
Ritháttur .....	8
Algengar ritvillur .....	8
Atburðarás og mánaðamót.....	8
Eitt n eða tvö (einhverjar algengustu ritvillurnar).....	9
Leiti og leyti.....	9
Þessi, nokkur, annar – eitt eða tvö r? .....	10
Dönsk áhrif.....	10
Um dönsk máláhrif .....	10
Áhafnar meðlimur (fagurt og rismikið síðara orðið?).....	11
Fara suður (ekki: niður) til sólarlanda.....	11
Fullnægja kröfum (síður: uppfylla kröfur).....	11
Söfnuðurinn telur eitthvað (ekki: telur 5.000 manns).....	12
Ensk áhrif.....	12
Áskorun og litaðir menn (ný merking?).....	12
Gæði (ekki: hágæði).....	13
Hinn 20 ára gamli námsmaður NN (íslenskur stíll?) .....	13
Inni í myndinni (íslenskur stíll?).....	13
Í dag (stundum: klaufaleg notkun).....	14
Leiða einhvern (stjórna einhverjum?).....	14
Metri og lítri (síður: meter og líter).....	14
Óásættanlegt (rismikið og fagurt orð?).....	14
Taka við rekstri (ekki: taka yfir).....	15
Þeir skila hagnaði (ekki: eru að skila hagnaði) .....	15
„Þú“ ert önnur persóna eintölu (ekki: óákveðna fornafnið „maður“).....	15
Lík orð.....	15
Beð og beður .....	15
Drúpa og drjúpa .....	16
Eftirmál og eftirmáli .....	16
Erfa og arfleiða .....	16
Göngur og göng .....	16
Hafa og hefja.....	16
Klekkja og klekja .....	17
Kveða og kveðja .....	17
Unna og una .....	17
Orðtök .....	18
Um líkingar í orðtökum .....	18
Berast á banaspjót (ekki: berjast á banaspjót).....	19
Boðstólar (ekki: á bo(r)ðstólnum) .....	19
Brjóta til mergjar (síður: kryfja til mergjar).....	19
Finna hvar skórin kreppir (ekki: hvar skóinn kreppir).....	19
Heltast úr lestinni (ekki: hellast úr lestinni).....	20
Hún fór vill vegar (ekki: hún fór villur vegar).....	20
Kynda undir deilum og ófriði (ekki: deilur og ófrið).....	20
Ljón á veginum (ekki: í veginum) .....	20
Snurða á þræði (ekki: snuðra á þræði) .....	21
Málfar og fleira .....	21

Aðhyllast þessa stefnu (ekki: þessari stefnu) .....	21
Aðili er ofnotað orð .....	21
Áhyggjurnar ollu því (ekki: áhyggjurnar ullu því) .....	21
Ártíð og afmæli (oft ruglað saman) .....	22
Beyging drottningar og menningar (ekki: til drottningu og menningu) .....	22
Byggja og byggjast (athuga hér mun á gm. og mm.) .....	22
Einir, tvennir, þrennir, fernir (fleirfaldsorð) .....	23
Eins fljótt og hægt er (ekki: eins fljótt eins og hægt er) .....	23
Eitthvað, nokkuð, eitthvert og nokkurt (athuga mun á stöðu þeirra) .....	23
Ekki eru allar ferðir til fjár (ekki: til fés og fjárs) .....	23
Erlendis og utan (athuga mun á ferð og dvöl) .....	24
Fá leiða á (ekki: á leið á) .....	24
Felmtri sleginn (ekki: flemtri sleginn) .....	24
Fólkið – það eða þau? .....	24
Framlengja fund (ekki: fundi) .....	25
Frumlag og umsögn (athuga vel tengsl þeirra) .....	25
Gera grein og skil (ekki: Hér hefur verið gert grein) .....	25
Grunur leikur á þessu (ekki: grunur liggur á þessu) .....	26
Heyja og yrkja (athuga breytilega beygingu og merkingu) .....	26
Hrinda, hrinti / hratt (ólík beyging og ólík merking) .....	26
Hröð hrynjandi (ekki: hraður hrynjandi) .....	26
Hundruð manna (ekki: hundruðir) .....	27
Hurðir og dyr (ekki: þrjár dyr) .....	27
Hvor og hver annar (athuga þarf vel beyginguna) .....	27
Höggva, hjó, hjuggum, höggvið (ekki: hoggið) .....	28
Í sína áttina hvor (ekki: í sitthvora áttina) .....	28
Koma í veg fyrir slys (síður: forða slysi) .....	28
Koma við sögu (ekki: Þegar hér var komið við sögu þá ...) .....	28
Kvænast og giftast (kynbundin?) .....	28
Ljá, léði, léð (ekki: ljáði, ljáð) .....	29
Lok tíunda áratugarins („thirties“ í ensku er ekki þriðji áratugurinn!) .....	29
Móðir, faðir, systir, bróðir (athuga vel þessa beygingu) .....	29
Orðin að og af (athuga merkingu og notkun) .....	30
Orðstír og Valtýr (ekki: rugla þessum orðum saman!) .....	30
Ópersónulegar sagnir (þær eru mörgum erfiðar!) .....	31
Ráða, réð (síður: réði og mm. réðist) .....	31
Sér eða honum (athuga merkingarmun!) .....	31
Sígra í keppni (ekki: sígra keppnina) .....	32
Tíðni hækkar eða lækkar (ekki: tíðni eykst eða minnkar) .....	32
Tvínefni og beyging þeirra (bæði nöfnin beygjast) .....	32
Tölva (ekki: talva!) .....	33
Tölvan geymir óbreyttan texta (ein breyting nægir oft ekki!) .....	33
Úrkostir og kostir (í tengslum við orðið annar) .....	33
Vafasamar vísanir (á þeim hafa margir flaskað!) .....	33
Valdur að slysi (ekki: Hún var valdur að slysi!) .....	34
Varðandi gagnvart (oft eru önnur orð betri) .....	34
Vekja upp fólk, drauga – og ýmsar spurningar og grunsemdir? .....	34
Vel launuð störf (ekki: hæst launuðustu störfin!) .....	35
Versla og kaupa (ekki: versla einhverja vöru) .....	35

Þau urðu vör við þetta (ekki: Þau urðu var við þetta).....	35
Þágufallssýki (... ætli hún sé smitandi?) .....	35
Þjóð, land, ríki (ekki sömu hugtökin!).....	36
Polmynd (á stundum vel við en ekki alltaf!).....	37
Stíll.....	37
Innskotssetningar oft varasamar (menn gleyma að fallbeygja!).....	37
Nafnorðastíll (oft þunglamalegur og þreytandi!).....	37
Nástaða og merkingarsnauð orð (athuga þarf þetta!).....	38
Vafasamar tilvísunarsetningar (margir flaska á þeim!) .....	38
Viðtengingarháttur (ástæðulaust er að forðast hann!).....	38
Ydda stíl (segja sem mest í sem fæstum orðum!).....	38
Eftirmáli .....	39
Heimildir .....	40
Svör við verkefnum.....	42

### ***Helstu skammstafanir***

?	<u>framan</u> við orð eða orðalag þýðir að það er ekki talið vandað mál.
e-ð:	eitthvað
ef.:	eignarfall
e-m:	einhverjum
e-r:	einhver
e-s:	einhvers
et.:	eintala
e-u:	einhverju
flt.:	fleirtala
fn.:	fornafn
frh.:	framsöguháttur
fs.:	forsetning
hvk.:	hvorugkyn
kk.:	karlkyn
km.:	kennimynd
kvk.:	kvenkyn
lh.:	lýsingarháttur
lo.:	lýsingarorð
mm.:	miðmynd
nf.:	nefnifall
no.:	nafnorð
nt.:	nútið
p.:	persóna
so.:	sagnorð, sögn
vth.:	viðtengingarháttur
þf.:	þolfall
þgf.:	þágufall
þt.:	þátíð

## Inngangur

Hverjum manni er mikilvægt að geta samið frambærilegt efni á móðurmálinu. Námsmenn á ýmsum skólastigum þurfa að skila margvíslegum skriflegum verkefnum og flytja erindi um ýmis efni. Þeir verða að geta unnið efnið bæði fljótt og vel. Þetta er liður í náminu og æfing í að setja fram efni með skýrum, skipulegum og vönduðum hætti. Efnið er oft miðað við ákveðna lengd, og skiptir þá verulegu máli að hafa orð sín hnitmiðuð og eftirminnileg. Menntun ná ekki mikilli hæfni á þessu sviði nema með töluverðri þjálfun. Ráðlegt er að lesa góðar bækur og taka sérstaklega eftir því, sem þar er vel sagt, ekki til þess að herma eftir, heldur til þess að læra af því. Hið sama á við um talað mál. Gott er að veita því athygli sem vel er sagt og áheyrilegt er. Reglubundnar æfingar í þessum efnunum eru nemendum mikilvægar.

Ýmsir aðrir en nemendur þurfa að geta samið frambærilegt efni með skjóttum hætti. Hér má nefna kennara, vísindamenn, lækna og hjúkrunarfólk, athafnamenn í atvinnulífi, forystufólk í stéttarfélögum, áhugamenn um stjórnmál, fjölmiðlafólk, lögfræðinga og marga fleiri. – Til eru bækur um þetta efni, bæði hentugar handbækur og einnig sérstakar kennslubækur. Hér má t.d. nefna Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal og Hagnýt skrif eftir Gísla Skúlason. Einnig má hér nefna gagnleg hjálparrit, t.d. Íslenska orðabók, 2. og 3. útg., í ritstjórn Árna Böðvarssonar og Marðar Árnasonar, Íslenska samheitaorðabók í ritstjórn Svavars Sigmundssonar, Merg málsins eftir Jón G. Friðjónsson og Orðastað eftir Jón Hilmar Jónsson.

Íslenskan er gott mál. Hún er sameign Íslendinga, og okkur ber að efla hana og skila henni til komandi kynslóða. Umhyggja fyrir móðurmálinu er sama eðlis og umhyggja fyrir gróðri, náttúrunni og mannum sjálfum. Ekki er skynsamlegt að ávíta börn og ungmenni með höstugum hætti fyrir mistök í máli, heldur þarf að leiðbeina af alúð og stuðla að ræktarsemi við móðurmálið í verki með hollum leiðbeiningum og ráðum.

Stephan G. Stephansson er frægasta skáld íslenskt í Vesturheimi. Hann kynntist þar mörgum þjóðum og þjóðarbrotum, og hann orti um þjóð sína og einkenni hennar:

Undarleg er íslensk þjóð, –  
allt, sem hefur lifað,  
hugsun sína og hag í ljóð  
hefur hún sett og skrifað.

Hlustir þú og sé þér sögð  
samankveðna bagan,  
þér er upp í lófa lögð  
landið, þjóðin, sagan.

Þetta eru athyglisverð orð um sérkenni íslenskrar þjóðar. Mikil áhersla er lögð á það í skólum að kynna börnum og ungmennum íslenskar bókmenntir. Lesturinn er þeim gagnlegur til þess að kynnast landi sínu og þjóð, en hann hefur einnig hagnýtt gildi í því að efla tök á máli og stíl.

Ef menn vitna í ritsmíð til ljóða eða verka annarra manna, má ekki treysta eigin minni, heldur þarf að bera hin tilvitnuðu orð í endanlegri gerð saman við frumtextann, enda er það mönnum til minnkunar að fara rangt með orð annarra. – Hið sama má segja

um sögulegar staðreyndir, t.d. ártöl o.m.fl. Þetta þarf að kanna sérstaklega og hafa í huga, að minnið er bríðdult.

Ef menn verða reiðir, er best að segja sem fæst um sinn. Hér er rétt að hafa í huga orð Hallgríms Péturssonar í 28. Passíusálmi:

Athugasagjarn og orðvar sért,  
einkum þegar þú reiður ert.

Þetta þýðir ekki að menn þurfi að vera sáttir við ýmislegt sem miður fer. Rökstudd gagnrýni með skýrum dæmum og tillögum til úrbóta er oft mjög gagnleg. En hún á ekkert skylt við reiðilestur og persónulegar skammir um náungann með alls kyns gífuryrðum. Menn geta hæglega orðið sér til minnkunar af þessum sökum.

Að því er stefnt með gerð þessa bæklinga að gera nemendur hæfari í því að forðast ýmsar algengar ritvillur og hnökra á máli og stíl. Þeir fá ábendingar og nokkra umfjöllun um ýmis álitæfni um rithátt, erlend máláhrif, orðtök, málfar og stíl. Einkum eru til umfjöllunar þau atriði, sem reynslan sýnir að menn hafa verið í óvissu um. – Þótt sumt kunnir að vera umdeilanlegt í þessum efnum, hefur sá sem þetta ritar jafnan tekið hér afstöðu til einstakra álitæfna. Það er reynsla margra kennara, að nemendur vilja gjarna vita um afstöðu þeirra til mála.

Textadæmum í verkefnunum er skipt í nokkra flokka til glöggvunar en slíkk flokkun getur þó stundum verið álitamál. Nemendur fá hér allmörg verkefni til athugunar. Þetta eru textar, sem æskilegt er að breyta og lagfæra – af ýmsum ástæðum, og nemendur eiga sjálfir að breyta þeim. Textunum fylgja yfirleitt auðar línur, og þar er hægt að skrá það sem breyta þarf.

Best er að lesa í byrjun fyrirsagnirnar og svo textana í verkefnunum. Ef menn vita svörin, þurfa þeir ekki að lesa umfjöllunina. Séu þeir í einhverri óvissu, geta þeir lesið ábendingarnar, sem fylgja verkefnunum. Skynsamlegt er að merkja við það sem menn eru ekki vissir um, en svör við verkefnunum eru aftast í bæklingnum.

Dæmin eru flest raunveruleg, mörg úr fjölmiðlum og eru hin yngstu frá sumrinu 2004. Sum þeirra eru úr skriflegum verkefnum eða ritgerðum nemenda, stundum í lítið eitt breyttri mynd, og enn önnur eru úr ýmsum áttum. Þetta eru yfirleitt dæmi, sem alloft má sjá eða heyra.

Menn fara yfir breytingarnar með kennara sínum, og geta þá skapast alllíflegar umræður um mál og stíl. Ekki eru allir sammála í þessum efnum, en í umræðunni sjálfri er fólgið líf. Menn rökræða ekki það sem þeim stendur á sama um! – Skammstafanir og tákn hafa hér yfirleitt svipaða merkingu og í ýmsum orðabókum, sbr. skrá um helstu skammstafanir hér á 5. bls. Sé spurningarmerki, þ.e. ? sett framan við orð eða orðalag, er það ekki talið vandað mál.

Öllum getur orðið á í meðferð máls og er ástæðulaust að ergja sig á því. Menn geta jafnvel haft gaman af slíkum mistökum, en æskilegt er þó að læra af þeim og stefna að því að hafa þau sem fæst. – Sé þess kostur, er gott að fá aðra til þess að lesa yfir texta, sem ætlaður er til birtingar. „Betur sjá augu en auga,“ og menn sjá oft ekki hnökra í eigin texta. Menn sjá þar það, sem þeir vilja sjá og vilja, að þar standi. En svo er þetta e.t.v. með öðrum hætti í raun.

## Ritháttur

### Algengar ritvillur

Mikilvægt er að geta *skrifað einstök orð rétt*. Í því efni eru handbækur og stafsetningar-orðabækur gagnlegar, svo og leiðréttingarforrit í tölvum. Þau finna þó aðeins sumar villur. Hér eru fyrir neðan eru nokkur dæmi um algengar ritvillur:

?minnistæður – rétt er: minnisstæður,  
?heimstyrjöld – rétt er: heimsstyrjöld,  
?landssteinar – rétt er: landsteinar,  
2 bræður – rétt er: tveir bræður,  
?eignarréttur – rétt er: eignarréttur,  
?stéttarskipting – rétt er: stéttaskipting,  
?aðhylltist – rétt er: aðhylltist,  
?Íslendingar – rétt er: Íslendingar,  
?skildi af so. skulu – rétt er: skyldi,  
?eiga þakkir skyldar – rétt er: eiga þakkir skildar,  
?ávalt (= alltaf) – rétt er: ávallt, en hins vegar: ávalt, hk. af lo. ávalur,  
?hrapaleg (mistök) – rétt er: hrapalleg (mistök),  
?ýmiss (mistök) – rétt er: ýmis (mistök),  
?ýmis konar (mistök) – rétt er: ýmiss konar (mistök),  
?tágrannur – rétt er: tággrannur,  
?tillitsemi – rétt er: tillitssemi,  
?afbrýðissemi – rétt er: afbrýðisemi,  
Mál og ?Menning – rétt er: Mál og menning,  
?hinsvegar – rétt er: hins vegar,  
?einmanna – rétt er: einmana.

**1. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Minnistæð verða ávalt ýmiss hrapaleg mistök í Heimstyrjöldinni síðari.

---

### Atburðarás og mánaðamót

Sumir menn vita ekki hvernig ber að rita orðin *atburðarás* og *mánaðamót*? Orðið *atburðarás* merkir rás *atburða* (flt.) og því er ritað: *atburðarás* en ekki: ?*atburðarrás*. Orðið *mánaðamót* er myndað eins og orðið *áramót* sem flestir rita rétt. Orðið *mánaðamót* er haft um mót tveggja mánaða (flt.). Því er þannig ritað en ekki: ?*mánaðarmót*.

**2. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Atburðarrásin var mjög hröð.

Jón kom heim um síðustu mánaðarmót.

---

---



## Eitt n eða tvö (einhverjar algengustu ritvillurnar)

Sumir eiga í nokkrum vanda er rita skal *eitt n eða tvö*. Oft er hér hægt að slá orðum upp í orðabókum en ekki alltaf. – Algeng mistök eru í kvk-orðum sem enda á -un (eða -an). Þessi orð eru oft mynduð eftir sögnum, dæmi: verslun, skipan, könnun, skoðun, ákvörðun einangrun, hótun, ívilnun, svölun o.fl. Stundum eru menn ekki vissir um hvort orðið er með eða án greinis. Þetta er einfalt mál. Ef menn setja fornafnið „minn“ framan við orðið, fer viðskeytti greinirinn af orðinu. Orðmyndir fornafnsins „minn“ (þ.e. n eða nn) segja og til um hvernig rita skal viðskeytta greininn. Dæmi:

með greini:

án greinis:

verslunin,  
verslunina,  
versluninni,  
verslunarinnar

mín verslun  
mína verslun  
minni verslun – Athuga vel: eitt n í orðinu sjálfu!  
minnar verslunar – Athuga vel: eitt n í orðinu sjálfu!

verslanirnar  
verslanirnar  
verslununum  
verslananna

mínar verslanir  
mínar verslanir  
mínum verslunum  
minna verslana – Athuga vel: eitt n í orðinu sjálfu!

Algengar eru einnig villur í kk.-orðum, sem enda á -ann, -inn, -unn í nf., en -an, -in, -un í þf. Enginn munur er á framburði orðanna í þessum föllum. Þetta eru nöfn manna og ýmis önnur orð. Dæmi: Héðinn (þf. Héðin), Kristinn (þf. -in), Óðinn (þf. -in), Þórarinn (þf. -in), Þráinn (þf. -in), aftann (þf. -an), arinn (þf. -in), himinn (þf. -in), jötunn (þf. -un), morgunn (þf. -un). Í þessum orðum þarf að muna að þf. hefur annan rithátt en nf. Þessi orð beygjast eins og orðið jökull, um jökul en þar heyrir munurinn í framburði. Gott er að setja það orð í stað vafaorðsins – til þess að kanna ritháttinn.

**3. verkefni:** Setjið n eða nn í stað þankastriksins í þessum setningum:

Fallið var frá áætlu–i–i um rekstur versla–a–a. Fjöldi skoða–aka–a–a veitti vísbendingar um úrslit kosninga–a. Vegna sífelldra hóta–a og ógna–a glæpasamtaka–a var gripið til ráðstafa–a til verndu–ar húsa–a. Lesti– hélt ekki áætlu– vegna vélarbilu–ar. Héði–grunaði að Óði– yrði einma–a erlendis og kæmist þar einhvern tíma– í hann krappa–. Þóvari– langaði að hitta Kristi–, vin sinn, á skemmtu–i–i. Skarphéði– vó Þrái–. Sumir formenn trúðu á drotti– en aðrir á Óði–. Misjöfn verða morgu–verki–. Þessi kve–maður kom hingað um morgu–i–.

## Leiti og leyti

Stundum flaska menn á rithætti orðanna *leiti* og *leyti* en framburður er hinn sami, þ.e. [lei:di] eftir að i og y féllu saman í eitt hljóð (hljóðung) í framburði. Þetta er fremur einfalt mál. Orðið leiti merkir hæð (sem ber við sjónarhring) og það er skylt so. líta. Hér koma fram hljóðskiptin í – ei – i, sbr. orðin líta, leiti og litur. Í slíkum orðum er jafnan ritað einfalt i. Orðið leiti er í orðtakinu: á næsta leiti en það merkir upphaflega: á næstu hæð

en yfirfærð merking er: nálægt, á næstu grösom. Hin fræga sögupersóna, Gróa, bjó á Leiti, og þetta orð er í götunöfnum eins og Efstaleiti og Hvassaleiti.

Ef frá er talið það, sem áður er nefnt, er framburðarmyndin [lei:di] jafnan rituð með ey, þ.e. leyti. Það orð merkir: hluti, tillit eða tími. Orðið leyti er skylt orðunum og orðmyndunum hleyti (mægðir, skyldleiki), hljóta, hlaut og hlutur, en au verður ey samkvæmt i-hljóðvarpi. Af þessum ástæðum er ritað: að öllu, eða nokkru leyti, að öðru leyti og um sexleytið.

Einfalt er að muna að framburðarmyndin [lei:di] í merkingunni hæð er rituð með einföldu i, annars með ey. Þá er og einfalt mál að fletta þessu upp í orðabókum.

**4. verkefni:** Setjið i eða y í stað þankastriksins:

Ferðin tókst að flestu le-ti vel. Hann kom heim um þrjúle-tið

Jón Jónsson, Hvassale-ti 4, las vel enda voru vorpróf á næsta le-ti.

### **Þessi, nokkur, annar – eitt eða tvö r?**

Hvernig ber að rita orðin þessi, nokkur og annar í kvk. þgf. et.? – Hér er gott að huga að stofni orðanna og kanna hvort r-ið er í stofni eða ekki. Við segjum þessi, nokkur og önnur kona. R-ið er stofnlægt í orðunum nokkur og annar en ekki í orðinu þessi. Því er kvk. þgf. og ef. et., og ef. flt. í öllum kynjum af orðunum nokkur og annar ritað með tveimur r-um. Samsvarandi myndir af orðinu þessi eru ritaðar með einu r-i. Þess vegna er ritað: þessari, nokkurri og annarri.

**5. verkefni:** Setjið r eða rr í stað þankastriksins:

Vörurnar fást ekki í þessa-i verslun og reyndar ekki heldur í nokku-i anna-i verslun hér.

Hann saknaði hvorki þessa-ar konu né heldur nokku-ar anna-ar.

Jón gat hvorki reitt sig á stuðning þessa-a manna né nokku-a anna-a.

## **Dönsk áhrif**

### **Um dönsk máláhrif**

Dönsk áhrif í íslensku eru enn mikil. Ýmsir hafa amast við þeim og flestir telja íslensk orð áhrifameiri í íslensku. Beinum dönskuslettum hefur að vísu fækkað mjög en duldu slettur eru lífseigari. Hér má nefna ýmis dæmi: „koma inn á e-ð“, þ.e. víkja að e-u, eða fjalla um e-ð, sbr. dönskuna: „kome ind på noget“. Þá er stundum talað um „nærliggjandi hús“, – og er það líklega komið úr dönsku. Hér færi vel á því að tala um nálæg hús eða hús í grennd. Þá er stundum sagt: „það sýnir sig“, í merkingunni: það kemur í ljós. – Hér má einnig benda á orðalagið: „Það er synd að hún gat ekki komið“, en betra væri: Það er leitt að hún gat ekki komið. – Hér má nefna orðin „fyrir alvöru“, en betra er: að marki, af kappi, sbr. og „draga tillögur sínar til baka“, en betra er: taka aftur tillögur sínar.

Fleiri dæmi um dönsk áhrif: „Það kemur til með að gerast“, en betra er: Það mun gerast / gerist. – „Ýmis vandamál eru jú hér til staðar“, en betra er: Hér er vissulega við ýmis vandamál að fást. – „Hann reiknar með þessu“, en betra er: Hann gerir ráð fyrir þessu. – „Svona nokkuð er ekki forsvaranlegt“, en betra er: Þetta er / ekki boðlegt / óverj-

andi. – „Upplýstir menn og meðvitaðir um þennan vanda reyna að leysa hann,“ en betra er: – Þeir sem þekkja hér vel til reyna að leysa vandann. – „Ýmis mál eru hér í veginum fyrir góðri sambúð,“ en betra er: Ýmis mál hindra hér góða sambúð. – „Skýrslan samanstendur af ýmsum hæpnum fullyrðingum.“ Betra er: Í skýrslunni eru einkum ýmsar hæpnar fullyrðingar. – „Hann frétti þetta gegnum starf sitt,“ en betra er: Hann frétti þetta í starfi sínu. – Algengt er orðalagið „gegnum aldirnar,“ en betra er: um aldir. – „Jón hefur með þessi mál að gera,“ en betra er: Jón annast / sér um þessi mál. – „Hann vildi gera sig gildandi á þessu sviði.“ Betra er: Hann vildi verða áhrifamikill / áhrifamaður á þessu sviði.

**6. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Það sýndi sig að eldurinn barst í nærliggjandi hús.

---

### Áhafnarmeðlimur (fagurt og rismikið síðara orðið?)

Stundum er talað um *áhafnarmeðlimi* á skipi. Orðið *meðlimur* er dulin sletta úr dönsku, sbr. medlem. Ef fjalla þarf um einstaka menn í áhöfn skips fer vel á því að tala um skipverja. Svipað má segja um stjórnarmeðlimi, safnaðar-, fjölskyldu-, stofn-, klúbb-, heiðurs- og ævimeðlimi. Rismeira er að nota orð eins og stjórn eða stjórnarmenn, stofnfélaga, heiðursfélaga o.s.frv.

**7. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hann er heiðursmeðlimur Rithöfundasambandsins.

---

### Fara suður (ekki: niður) til sólarlanda

Sumir menn tala um að *fara „niður“ til sólarlanda* og þaðan fara þeir svo „upp“ til Íslands. Þessar áttaviðmiðanir eru dæmi um erlend máláhrif. Danir tala um að ferðast „ned til Hamborg“ en þetta er ekki málvenja hér. – Margir Íslendingar fara (suður) til sólarlanda en þaðan fara þeir norður, þ.e. heim til ættjarðarinnar.

**8. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Margir Íslendingar fara niður til sólarlanda.

---

### Fullnægja kröfum (síður: uppfylla kröfur)

Stundum er talað um að uppfylla kröfur, skilyrði eða loforð. Þetta ber vitni um erlend máláhrif og hér má benda á orðin: verða við kröfum, fullnægja skilyrðum og efna eða standa við loforð. Margt annað kemur hér til greina.

**9. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Enginn umsækjanda uppfyllti tilskildar kröfur um menntun.

---

## Söfnuðurinn telur eitthvað (ekki: telur 5.000 manns)

Sögnin *telja* getur merkt margt í íslensku. En það eru erlend máláhrif þegar sagt er: ?Stofninn telur um 11.000 dýr, eða: ?Söfnuðurinn telur um 5.000 manns. – Ekki er hér mælt með þessari notkun sagnarinnar *telja* enda er hún ekki í samræmi við málvenju. En það væri í góðu samræmi við íslenska málvenju að segja: Í söfnuðinum eru um 5.000 manns. Góð íslenska væri og: Söfnuðurinn telur að efla beri mjög kristilegt starf hér á landi.

**10. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Reykjavík telur nú um 112.000 manns.

---

## Ensk áhrif

### Um ensk máláhrif

Ensk máláhrif koma víða fram í íslensku. Í venjulegu máli er sagt að maður sé 21 eða 31 árs og það eru óheppileg máláhrif er menn segja: ?Jón er 31 ára. Þá er óæskilegt, þegar talað er um líf einstakra manna í flt. – Hér má einnig nefna mannár (man-year) í stað ársverks. Þá eru flt.-myndir af orðunum mill og gallon stundum ekki sem skyldi: ?mills og ?gallons. Et. og flt. þessara orða eru eins í nf., sbr. eitt núll og tvö núll. Mörg fleiri dæmi mætti nefna, sbr. orðið ferðamannaíðnað í stað ferðaþjónustu, en enska orðið „industry“ er mun víðtækara en íðnaður hjá okkur. Þá eru vafasöm hágæði (sjá síðar), síðasta nótt sem þýðing á: „last night“, en í venjulegu máli er sagt: í nótt. Einnig: ofnotkun lh. nt., t.d.: Talandi um þetta ... og 24 tíma frest í staðinn fyrir sólarhringsfrest.

Oft er talað um sitjandi formann. Þetta er mikið tískuorð og líkingin er fengin úr ensku. „Chairman“ þýðir þar formaður (eða fundarstjóri), en „chair“ þýðir stóll. Líkingin í því máli er auðskilin. – Sitjandi formaður þýðir: formaður, sem situr að völdum, þ.e. formaður, sem er formaður! Orðið sitjandi er hér oft heldur merkingarlítið.

Tala látinna er algeng í fréttum um manntjón erlendis, og oft er búist við því, „að tala látinna eigi eftir að hækka.“ – Hér er átt er við, að í ljós muni koma, að fleiri hafi farist en ætlað var í fyrstu. Æskilegt að nota hér sagnorð fremur en nafnorðið tölu, sbr. málvenju.

**11. verkefni:** Lagfærið þessi orð:

Loftur er 21 ára.

Ýmis áföll eru eðlilegur hluti af lífum okkar.

Talandi um þetta, þá ... .

Talið er líklegt að tala látinna eigi eftir að hækka.

---

---

---

---

### Áskorun og litaðir menn (ný merking?)

Orðið *áskorun* hefur lengst af þýtt í íslensku: það að skora á einhvern, eggjunarorð eða hvatning, þ.e. skorað er á mann að gera eitthvað. – Enska orðið „challenge“ getur þýtt

margt, m.a. áskorun en einnig erfitt eða spennandi og ögrandi viðfangsefni. Sumir menn víkka merkingu orðsins áskorun og láta það merkja slíkt viðfangsefni. Þetta eru líklega ensk máláhrif. Ekki er hér mælt með þessari nýju merkingu orðsins áskorun.

Svipað má segja um orðið *litaður* sem stundum er notað um hörundslit annarra manna en hvítra. Þessi merkingarvíkkun er líklega komin úr ensku en ein merking enska orðsins „colour“ er með þessum hætti.

**12. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Það hefur verið mikil áskorun að leika þetta hlutverk.

Í Afríku búa ýmsir litaðir menn.

---

---

### Gæði (ekki: hágæði)

Stundum er talað um *hágæðavörur* eða *hágæðamerki*. Orðið *gæði* er skylt orðinu góður, myndað með i-hljóðvarpi (ó verður æ). Og orðið *gæði* er notað um góða eiginleika og því er undarlegt að bæta lýsingarorðinu *hár* þar fyrir framan. Þegar talað er um *hágæði* eða *hágæðavörur* er það lítt vönduð þýðing úr ensku orðunum: „high quality,“ en síðara orðið merkir einkum: *einkenni* eða *eiginleiki*. Hins vegar fer vel á því í íslensku að tala um *gæðavöru*, sbr. einnig orðin *gæðamat*, *gæðakönnun*, *gæðaeftirlit* o.s.frv.

**13. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þessi verslun selur hágæðavörur á góðu verði.

Þetta er fréttamennska í hæsta gæðaflokki.

---

---

### Hinn 20 ára gamli námsmaður NN (íslenskur stíll?)

Oft er umfjöllun um menn eitthvað á þessa leið: „*Hinn 20 ára gamli námsmaður, NN, er talinn hafa ekið bílnum.*“ – Hér eru orðin íslensk, en setningafræðileg skipan þeirra er það ekki. Fyrri hluti þessarar málsgreinar á sér erlenda fyrirmynd: „The 20-year-old student, NN“. – Mælt er með því að haga hér orðum í samræmi við íslenska málvenju: Talið er að NN, tvítugur námsmaður, hafi ekið bílnum. – Hægt er að orða þetta á ýmsa fleiri vegu.

**14. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hinn 20 ára gamli námsmaður, NN, er talinn hafa ekið bílnum.

---

---

### Inni í myndinni (íslenskur stíll?)

Stundum er sagt að þetta eða hitt sé ekki lengur *inni í myndinni*. – Þetta orðalag er ekki heppilegt enda tökuþýðing algengs erlends orðalags. Orðin eru íslensk en skipan þeirra ekki. Myndlíking þessi er heldur undarleg, ef menn huga að því að eitthvað eigi að „vera inni í myndinni.“ Mælt er hér með öðru orðalagi, t.d. að eitthvað komi ekki til greina eða komi ekki til álita.

**15. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þessi lausn er ekki lengur inni í myndinni.

---

### Í dag (stundum: klaufaleg notkun)

Orðasambandið í dag er stundum haft í merkingunni nú eða á vorum dögum. Þetta er að nokkru leyti rakið til erlendra máláhrifa. Slík notkun orðasambandsins í dag getur verið heldur undarleg.

**16. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Í dag eru ferðir norður alla virka daga.

---

### Leiða einhvern (stjórna einhverjum?)

Sögnin *leiða* merkir m.a. að halda í hönd einhvers. En það eru erlend máláhrif þegar menn láta sögnina leiða þýða: stjórna. Enska sögnin: „lead“ getur haft þá merkingu. Ekki er hér mælt með slíkri notkun í íslensku.

**17. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Sigríður Jónsdóttir leiðir nefndina.

---

### Metri og lítri (síður: meter og líter)

Stundum er rætt um einingarnar meter og líter í stað orðmyndanna *metri* og *lítri*. En myndirnar metri, um metra og lítri, um lítra falla vel að beygingakerfi málsins. Því er hér mælt með þeim en ekki útlendu myndunum: meter, um meter og líter, um líter.

**18. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hann gekk einn kílómeter.

Bensínlíterinn kostar 110 krónur.

---

### Óásættanlegt (rismikið og fagurt orð?)

Stundum er sagt að eitthvað sé *óásættanlegt*. Þetta orð er hrá þýðing úr ensku: „unacceptable“. Íslenskan á hér mörg ágæt orð: ótækur, óviðunandi, fráleitur, kemur ekki til greina / álita. Sama má segja um orðið ásættanlegt. Hér má í stað þess nefna orð eins og: viðunandi, eitthvað sem hægt er að fallast á o.m.fl.

**19. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þetta tilboð er með öllu óásættanlegt.

---

### Taka við rekstri (ekki: taka yfir)

Stundum er sagt: Bankinn hefur *tekið yfir* eða: *yfirtekið* allan rekstur fyrirtækisins. – Hér eru auðsæ erlend máláhrif, sbr. enskuna „take over“. Betur færi á að tala um að bankinn hafi keypt fyrirtækið og tekið við stjórn þess eða tekið í sínar hendur allan rekstur þess.

**20. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Fjársterkir athafnamenn hafa tekið yfir rekstur kaupfélagsins.

---

### Þeir skila hagnaði (ekki: eru að skila hagnaði)

Sumir nota alloft orðasambandið vera + nafnhátt af aðalsögn. Dæmi: ?Víkingar eru að standa sig vel í þessum leik. Betra væri: Víkingar hafa staðið sig vel í þessum leik. – Og annað dæmi: ?Athafnamenn eru að græða mikið um þessar mundir. – Þetta eru erlend máláhrif og ekki er mælt með þessu orðalagi hér.

**21. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Bankarnir eru að skila góðum hagnaði um þessar mundir.

---

### „Þú“ ert önnur persóna eintölu (ekki: óákveðna fornafnið „maður“)

Fornafnið *þú* hefur lengst af haft merkinguna: persónan sem er ávörpuð. Dæmi: Þú ert vinur minn. – Æ meir hefur borið á því að menn noti fornafnið þú sem óákveðið fornafn, þ.e. „maður“. Það er talið ættað úr ensku enda getur fornafnið you haft þessa merkingu. Þetta leiðir og oft til stílnökra vegna nástöðu. Dæmi: Þegar þú ert í kúluvarpinu þá þarft þú að æfa þig oft í viku ef þú vilt ná góðum árangri. – Betra er: Þeir sem vilja ná góðum árangri í kúluvarpi þurfa að æfa sig oft í viku.

**22. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þegar þú ert í prófi þá svitnar þú og ert alveg miður þín.

Þegar þú ert að klífa hæstu fjöll heims þá þarft þú að nota súrefnisgrímu.

---

### Lík orð

#### Beð og beður

Hvorugkynsorðið *beð* þýðir yfirleitt reitur í matjurta- eða blómagarði. Karlkynsorðið *beður* merkir einkum rúm, sæng eða koddur – Orðið *beður* er gamalt í málinu og það á ættingja í skyldum málum, sbr. bed í ensku, og Bett í þýsku.

**23. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þar var dánarbeð konungsins.

---

## Drúpa og drjúpa

Sagnirnar *drúpa* og *drjúpa* eru ólíkar bæði að beygingu og merkingu. Sögnin drúpa merkir einkum: slúta eða vera niðurlútur og lúta höfði. Hún beygist svo í km.: drúpa, drúpti, drúpt, og í nt. er sagt: Hann drúpir (höfði). – Samsvarandi þt. er: Hann drúpti (höfði).

Sögnin drjúpa merkir yfirleitt: leka eða falla í dropum og hún beygist svo í km.: drjúpa, draup, drupum, dropið. Þátíðin er: Smjórið draup.

Með Hrafna-Flóka kom til Íslands maður nokkur er Þórólfur hét. Hann kvað þar smjör drjúpa af hverju strái. – Var hann síðan kallaður Þórólfur smjör!

**24. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hann fór einn inn í herbergi sitt og draup höfði.

---

## Eftirmál og eftirmáli

Orðin *eftirmál* og *eftirmáli* eru ólíkrar merkingar. Orðið eftirmál þýðir: eftirköst, afleiðing, rekistefna eða jafnvel lögsókn. En orðið eftirmáli merkir: niðurlagsorð, texti aftan við meginmál, sbr. orðið formáli, sem er fremst í bókum. Eftirmáli er hins vegar aftast í bókum (ef hann er). Sumir menn rugla þessum orðum saman.

**25. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þetta hefur líklega einhverja eftirmála í för með sér.

---

## Erfa og arfleiða

Stundum rugla menn saman sögnunum *erfa* og *arfleiða*. Merkingarsvið þeirra eru skyld. So. erfa merkir oftast: fá arf en arfleiða merkir hins vegar að gera ráðstafanir til að einhver fái arf eftir dauða manns.

**26. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Stórkaupmaðurinn erfði ungan frænda sinn að öllum eigum sínum.

---

## Göngur og göng

Sumir eru í óvissu um orðin *göngur* og *göng*. Eignarfall af no. göngur er gangna, sbr. gangnamaður, en ef. af no. göng er ganga, sbr. gangabær. Þetta ætti því að vera einfalt.

**27. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Jarðgangnagerð er talin erfið þar.

---

## Hafa og hefja

Alloft rugla menn saman sögnunum *hafa* og *hefja*. Þær eru í miðmynd: hafast og hefst. Talað er um að *hafast við* einhvers staðar, þ.e. dveljast eða þrífast, en ekki: ?hefst við.



Þt. af hefjast er: hafðist og lh. þt.: hafst. Til eru þeir sem rugla saman *hafast að* (vinna e-ð eða gera e-ð) og *hafast við*. – Hér má minna á orð Hallgríms Péturssonar í 22. Passíu-sálmi:

Hvað höfðingjarnir hafast að,  
hinir meina sér leyfist það.

**28. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Fólk hefur hafist við í hellum.

Lögreglan hefst ekki við í þessu máli.

---

---

### Klekkja og klekja

Sumir menn rugla saman sögnunum *klekkja* og *klekja*. – So. klekkja merkir að ná sér niðri á e-m eða hefna sín. Talað er um að klekkja á e-m, þt. er: klekkti og lh. þt: klekkt (tvö k). – Jón hefur klekkt á Guðmundi. – Sögnin klekja er dregin af rótinni klak og mynduð með i-hljóðvarpi (a verður e). Km. eru: klekja, klakti (eitt k), klakið. Sögnin klekja merkir m.a.: unga út.

**29. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Fuglarnir hafa klekkt út eggjum.

---

---

### Kveða og kveðja

Sterka sögnin *kveða* þýðir m.a. segja, mæla, yrkja og syngja, og km. hennar eru: kveða, kvað, kváðum, kveðið. – Veika sögnin *kveðja* merkir m.a. að kasta kveðju á, að kalla eða boða, t.d. að kveðja einhvern til fundar við sig, – og kveðja sér hljóðs. Hún beygist þannig í km.: kveðja, kvaddi, kvatt. Æskilegt er að rugla þessu ekki saman.

**30. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Nokkrir þingmenn kváðu sér hljóðs um málið.

Lögreglan var kveðin á vettvang.

---

---

### Unna og una

Stundum eru menn í vafa um merkingu og beygingu sagnanna *unna* og *una*. Unna merkir: elska eða láta sér vel líka að e-r fái e-ð, þ.e. unna e-m-e-s. Unna er núþáleg sögn og km. eru: unna, ann, unni, unnað / unnt. Dæmi: Hann unni henni.

Sögnin una merkir: vera, dveljast, halda sig, – svo og una e-u (una við e-ð) vera ánægður eða sætta sig við e-ð. Km. eru: una, undi, unt. Dæmi: Hún undi sér vel heima.

**31. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Jón unir Guðmundi ekki sannmælis.  
Guðrún unni ekki við lyktir málsins.

---

---

## Orðtök

### Um líkingar í orðtökum

Í *orðtökum* eru oft skýrar *líkingar*. En stundum hætta menn að huga að hinni upphaflegu mynd og dofna þá skilningur og skýrleiki. Orðtakið verja e-ð með oddi og egg / eggju merkir: verja e-ð af öllu afli, með hnúum og hnefum. Oddur og egg þýða vopn, og er líkingin dregin af því að verja e-ð með vopnum. Dæmi eru um að menn hafi misskilið þetta hrapallega og talað um ?að verja e-ð með oddi og egg!

Til er og að orðtökum sé blandað saman og er niðurstaðan oft heldur klaufaleg. – Þekkt er orðtakið bera í bakkafullan lækinn. Einnig er alþekkt orðtakið klóra í bakkann, en það þýðir: bjarga því sem bjargað verður, eða reyna að bjarga sér úr erfiðleikum. Líkingin er dregin af því að dýr hefur fallið í á eða gryfju og það reynir að krefsa eða klóra í bakkann til að bjarga sér. Og stundum renna orðtökin saman í eitt: ?Þeir reyna að klóra í bakkafullan lækinn.

Orðtakið hafa hönd í bagga með e-u eða e-m þýðir að aðstoða eða hafa eftirlit með e-u. Frummerking orðtaksins er sú að maður gengur eða ríður með hesti, sem hallast á, og hefur þá hönd í bagga til þess að tryggja að vel fari. – Stundum er rætt um að eiga hlut í / að máli en það þýðir að taka þátt í e-u eða hafa afskipti af e-u. – Frummerking orðsins hlutur er hér: hlutskipti, það sem hlutað er um. – Þess eru dæmi að þetta renni saman í eitt: ?Talið er að mafian eigi þar hönd í bagga.

Oft er sérkennilegur framburður á orðtakinu: Það er við ramman reip að draga. Hrynjandi orðanna er þá þannig að menn virðast halda að orðmyndin „ramman“ sé ein-kunn eða ákvæðisorð með nafnorðinu reip! Rammur er hér ígildi no. og lo. og það merkir hér: sterkur maður eða kraftajötunn. Reip er gömul orðmynd nafnorðsins reipi, sbr. reip-tog. Það er hér í þf. og stýrist af sögninni draga. Frummerking orðtaksins lýtur að reiptogi við ramman (sterkan) mann, en yfirfærð merking er, að eitthvað sé erfitt viðfangs eða torvelt því að andstæðingurinn sé sterkur eða voldugur.

Stundum er sagt: ?Hér er djúpt í árina tekið. En rétt er orðtakið þannig: taka djúpt í árinni, þ.e. fullyrða of mikið. Líkingin er dregin af manni sem tekur of djúpt í [með] árinni, þ.e. dýfir henni of djúpt í sjó eða vatn. Orðmyndin árinni er aukafallsliður, þ.e. verkfærishöf., og samsvarar hún efnislega forsetningarliðnum: „með árinni“.

**32. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hér er fulldjúpt í árina tekið.  
Þeir reyna að klóra í bakkafullan lækinn.

---

---

### **Berast á banaspjót (ekki: berjast á banaspjót)**

Þegar menn *berast á banaspjót* bera þeir vopn hvor eða hver á annan. Banaspjót merkir spjót sem verður e-m að bana. Síðar kemur afbrigðið berast á banaspjótum. Menn hafa farið að líta á orðið á í þessu orðtaki sem forsetningu. Það er upphaflega atviksorð enda er sögnin berast gagnverkandi merkingar, menn bera vopn hvor / hver á annan.

Ekki er æskilegt að rugla þessu saman við sögnina berjast eins og stundum er gert.

**33. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þar berjast menn á banaspjótum.

---

### **Boðstólar (ekki: á bo(r)ðstólum)**

Sumir virðast ekki skilja orðalagið *hafa eitthvað á boðstólum*. Það merkir að hafa e-ð til sölu eða hafa e-ð fram að bjóða. Boðstólar tákna bekki eða borð sem vörur voru fram boðnar á. Það að hafa e-ð á boðstólum – en ekki: ?boð- eða borðstólum, – merkir því upphaflega að hafa vöru á slíkum bekkjum eða borðum eða með öðrum orðum: að hafa eitthvað til sölu.

**34. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Sumir vilja hafa hér bjór á boðstólum.

---

### **Brjóta til mergjar (síður: kryfja til mergjar)**

Hvort er betra orðalagið *brjóta eitthvað til mergjar* eða: kryfja eitthvað til mergjar? Hið fyrra er upprunalegt. Hér má benda á hætti Þjálfar í för Þórs til Útgarða-Loka í Snorra-Eddu. Hann tók lærlegg hafurs Þórs og braut hann til mergjar – þ.e. til þess að ná í beinmerginn.

**35. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þeim hefur tekist að kryfja þetta mál til mergjar.

---

### **Finna hvar skórin kreppir (ekki: hvar skóinn kreppir)**

Orðtakið *finna / vita (eða: sjá) hvar skórin kreppir (að)* merkir að skynja eða vita í hverju erfiðleikarnir eru fólgnir eða þrengja að. Frummerkingin er komin frá tilfinningunni fyrir of þröngum skóm. Dæmi: Hún hefur unnið lengi fyrir mæðrastyrksnefnd og hún veit vel hvar skórin kreppir.

Stundum er orðtak þetta notað eins og sögnin sé ópersónuleg: ?Hann þekkir þessi mál vel og hann veit hvar skóinn kreppir. – Þetta styðst hvorki við málvenju né uppruna og ekki er mælt með því hér (sbr. kaflann um ópersónulegar sagnir).

**36. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Jóna þekkir þessi mál vel og hún veit hvar skóinn kreppir.

---

### Heltast úr lestinni (ekki: hellast úr lestinni)

Orðtakið *heltast úr lestinni* þýðir að dragast aftur úr, að hætta við e-ð, og líkingin er dregin af hesti sem verður haltur og getur ekki fylgt öðrum og heltist því úr lestinni. Sögnin *heltast* er skyld lo. haltur og þar hefur orðið i-hljóðvarp (a verður e). – Þt. af sögnunum hella og helta er eins í framburði í mm., en ekki *rithætti*, þ.e. helltist og heltist. Þetta veldur líklega þeim ruglingi að sumir rita: ?Hann helltist úr lestinni.

**37. verkefni:** Lagfærið þessi orð:

Jón helltist brátt úr lestinni.

---

### Hún fór vill vegar (ekki: hún fór villur vegar)

Hvort er betra: *Hún fór vill vegar (vega)* eða: *Hún fór villur vegar (vega)*? – Hið fyrra er betra. Orðið villur er lýsingarorð, en ef. er svonefnt tillitseignarfall. Þetta er með sama hætti og þegar sagt er: Hann er illur / hún er ill viðureignar. Orðalagið fara villur vega(r) þýðir að villast, vera villtur. Menn segja: Hann fór villur, – þeir fóru villir, – hún fór vill og þær fóru villar vega(r). Hér má og minna á fleyg orð Hávamála:

Ungur var eg forðum,  
fór eg einn saman,  
þá varð eg villur vega;  
auðigur þóttumk,  
er eg annan fann,  
maður er manns gaman.

**38. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hún fór villur vegar.

---

### Kynda undir deilum og ófriði (ekki: deilur og ófrið)

Stundum er sagt að æsingamenn ?kynda undir ofbeldi og óeirðir (þf). – Talað er um að *kynda undir e-u (þgf.)* en það merkir að láta eld loga undir e-u, t.d. kynda undir katli. Í yfirfærðri merkingu er átt við það að gera e-ð „heitara“, stuðla að því að heitt verði í kolunum eða kynda undir e-u (þgf). Menn kynda undir katlinum og pottinum og vel fer á því að tala um kynda undir ofbeldi og óeirðum.

**39. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Andstæðingar ráðherrans kynda hér undir hatur og illdeilur.

---

### Ljón á veginum (ekki: í veginum)

Þekkt er orðtakið *Það eru mörg ljón á veginum*, þ.e. margt verður hér til hindrunar eða veldur erfiðleikum. Líkingin er auðskilin en stundum virðast menn ekki skilja orðtakið og tala þá um: ?ljón í veginum. Þetta afbrigði styðst ekki við íslenska málvenju.

**40. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hér eru mörg ljón í veginum.

---

### **Snurða á þræði (ekki: snuðra á þræði)**

Orðið *snurða* þýðir í bókstaflegri merkingu harður samsnúningur á snúnum þræði eða hnökri. Í yfirfærðri merkingu er það haft um óvænt ósamkomulag eða vandræði sem upp koma. Ekki er ráðlegt að rugla þess saman við sögnina snuðra, en hún merkir njósna eða forvitnast um eitthvað.

**41. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Snuðra hljóp á þráðinn í samningaviðræðum.

---

## **Málfar og fleira**

### **Aðhyllast þessa stefnu (ekki: þessari stefnu)**

Stundum eru menn í vafa um andlag sagnarinnar *aðhyllast*. Þeir segja þá: ?Hann aðhylltist róttækum skoðunum í stjórnámálum. So. aðhyllast tekur með sér þf. en ekki þgf. og því fer vel á að segja: Hann aðhylltist róttækar skoðanir í stjórnámálum.

**42. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þessi höfundur aðhylltist rómantísku stefnunni í bókmenntum.

---

### **Aðili er ofnotað orð**

Orðið *aðili*, flt. aðil(j)ar, er oft ofnotað. Hér má nefna framkvæmdaaðila, samkeppnis-aðila, söluaðila, margumrædda aðila vinnumarkaðarins og jafnvel aðila hjónabands. Oft er hægt að orða þetta betur með öðrum hætti.

**43. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Aðilar hjónabandsins eru ósáttir.

---

### **Áhyggjurnar ollu því (ekki: áhyggjurnar ullu því)**

Stundum ruglast menn í beygingu sagnarinnar *valda*, en hún þýðir: orsaka, eiga sök á. Menn segja þá: ?Áhyggjurnar ullu því. – Sögnin valda beygist svo í km: valda, olli, ollum, valdið. Því er rétt að segja: Áhyggjurnar ollu því. – Hins vegar er svo so. *vella*, en km. eru: vella, vall, ullum, ollið (í sterkri beygingu). Hún þýðir m.a.: sjóða, krauma, flæða, streyma eða mora. Dæmi: Hraunið vall fram. Hraunstraumarnir ullu fram rauðglóandi. – Æskilegt er að rugla þessu ekki saman.

**44. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þeir ullu mér nokkrum vonbrigðum.  
Hraunstraumarnir ollu hratt fram.

---

---

### Ártíð og afmæli (oft ruglað saman)

Allir þekkja orðið *afmæli*. En bent skal á að orðið *ártíð* tengist ekki fæðingu manna heldur dauða og það þýðir dánardægur. Æskilegt er að rugla þessu ekki saman. Jónas Hallgrímsson var fæddur 16. nóv. 1807 og hann lést 26. maí 1845. 100. ártíð hans var því 26. maí 1945.

**45. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hinn 16. nóv. 2007 verður 200 ára ártíð Jónasar Hallgrímssonar.

---

---

### Beyging drottningar og menningar (ekki: til drottningu og menningu)

Hvernig beygjast orð eins og *drottning*, *menning*, *bygging*, *fylking* og önnur slík kvenkynsorð, sem enda á *-ing* í nf. et.? Beygingin í flt. er auðveld, en et.-beygingin er sumum erfið. Hún er þannig:

nf. drottning  
þf. drottningu (í fornu og mjög hátíðlegu máli: drottning)  
þgf. drottningu  
ef. drottningar. Athuga vel: ekki: drottningu.

Sumir menn láta ef. þessara orða enda á u. Þeir tala um fjárhagsörðugleika vegna ?byggingu kirkju, svo og tafir vegna ?lagningu bundins slitlags. – Eignarfall et. þessara orða endar á ar, þ.e. menningar, fylkingar, byggingar o.s.frv. – Þessi breyting er óæskileg því að hún brýtur í bága við málkerfið. Því er hér mælt með sterkri beygingu þessara orða. Samsett orð vísa hér veginn: drottningarmaður, menningarmál, byggingarlist, fylkingarbrjóst o.fl.

**46. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Héðinn var lengi starfsmaður Máls og menningu.  
Hann beið fæðingu fyrsta barns síns.

---

---

### Byggja og byggjast (athuga hér mun á gm. og mm.)

Orðmyndirnar *byggja* og *byggjast* eru ólíkar um notkun. Vel þykir fara á því að hafa mm., byggjast, um hugmyndir eða kenningar, en gm., byggja, er höfð um menn. Dæmi: Hugmyndin / Kenningin byggist á því að ... . En hins vegar: Hann byggir kenningu sína á því að ... . En stundum rugla menn þessu saman: Kenningin byggir á því að ... . o.s.frv.

**47. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þessi tillaga byggir á því að nýr vegur verði lagður.

---

### Einir, tvennir, þrennir, fernir (fleirfaldsorð)

*Einir, tvennir, þrennir* og *fernir* eru svonefnd fleirfaldsorð, en þau telja það sem er í eðli sínu fleirfalt. Stundum flaska menn á þessum orðum og þeir tala þá um: ?sigur á tveimur vígstöðvum. Þetta orð er flt.-orð og því er við hæfi að ræða um tvennar vígstöðvar. Tveir og tvennir er ekki hið sama, sbr. tvö lög (sönglög) og tvenn lög (frá Alþingi). Svipað má segja um orð eins og buxur, samtök o.fl. Talað er um þrennar buxur og tvenn samtök, en ekki: ?þrjár buxur og: ?tvö samtök.

**48. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Sigur vannst á tveimur vígstöðvum.

Þrjú samtök launamanna eru þessu andvíg.

---

---

### Eins fljótt og hægt er (ekki: eins fljótt eins og hægt er)

Flestir munu segja, ef það á við: Hann kom *eins fljótt heim og hann gat*. Þetta er algeng samtenging, þ.e. eins ... og. Stundum er þó sagt: ?Hann og kom eins fljótt heim eins og hann gat. – Flestir sjá eða heyra að hér eru hnökrar og samtengingin ekki sem skyldi, þ.e. eins fljótt eins og.

**49. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þetta gekk eins fljótt eins og hægt var.

---

### Eitthvað, nokkuð, eitthvert og nokkurt (athuga mun á stöðu þeirra)

Hver er munur á orðmyndunun *eitthvað* og *nokkuð* annars vegar og *eitthvert* og *nokkurt* hins vegar? – Hin fyrrnefndu eru sérstæð. Dæmi: Er eitthvað að gerast í málinu? Ég veit ekki til þess að nokkuð sé að gerast hér. Þessar orðmyndir hafa sjálfstætt setningafræðilegt gildi, þær eru sérstæðar. – Hinar síðarnefndu orðmyndir eru hliðstæðar og þær standa með nafnorði. Dæmi: Er eitthvert borð laust? Hér er ekki nokkurt borð laust.

**50. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þetta er sennilega eitthvað leiðindamál.

Er nokkuð gagn að þessu?

---

### Ekki eru allar ferðir til fjár (ekki: til fés og fjárs)

Stundum eru menn í óvissu um beygingu orðsins *fé*. Fyrstu þrjú föll et. eru eins: fé, en ef er: fjár, sbr. fjármál, fjársöfnun og málsháttinn: Ekki eru allar ferðir til fjár (þótt farnar séu). Með greini er beygingin í et. þessi: nf. og þf.: féð, þgf.: fénu, ef.: fjárins. Sumir tala

um: ?meðferð fésins eða: ?ráðstöfun fjárins, en ekki er mælt með því hér. Oft merkir fé: búfenaður, einkum sauðfé. Talað er um margt fé eða margt fjár, þegar átt er við sauðfé. Fé þýðir oft peningar. Mikið fé þýðir miklir fjármunir.

**51. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þeim var falin varðveisla fjársins.

---

### Erlendis og utan (athuga mun á ferð og dvöl)

Hver er munur orðanna *erlendis* og *utan*? Hið fyrra, erlendis, merkir: í öðru landi, eða: í útlöndum. Það er haft um dvölinu í útlöndum, sbr. orðið hérlandis, sem er notað um dvölinu hér á landi. Sumir nota þetta orð um hreyfingu: ?Þær fóru erlendis, en ekki er mælt með því hér. – Orðið utan er notað um stefnu eða hreyfingu, t.d. fara utan (og fleira).

**52. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hann fór ungur erlendis.

---

### Fá leiða á (ekki: á leið á)

Hvort er betra orðalag: *fá leiða* eða: fá leið á e-u? Hið fyrra er betra, þ.e. að fá leiða á e-u. A-ið hverfur í venjulegum framburði á undan forsetningunni á. – Orðið leið merkir: vegur eða slóð en orðið leiði er annað, t.d. náms- eða skólaleiði.

**53. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Jón hafði í fyrstu mikinn áhuga á náminu en síðar fékk hann leið á því.

---

### Felmtri sleginn (ekki: flemtri sleginn)

Orðið *felmtur* merkir snöggur ótti eða hræðsla og það er skylt orðunum fálm og fálma. Í orðinu felmtur hefur orðið i-hljóðvarp (a verður e), en í orðunum fálm og fálma hefur rötarsérhljóðið a (sem er upprunalegt) lengst. Hér er mælt með þgf. felmtur af orðinu felmtur og því að sagt sé: Fólk varð felmtur slegið, en ekki: ?felmtri slegið.

**54. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þeir urðu flemtri slegnir.

---

### Fólkið – það eða þau?

Stundum eru menn í vafa um hvaða fornafn skuli notað þegar talað er um fólk. Sumir segja: Skólafólk þarf að lesa vel. ?Annars ná þau ekki góðum árangri. – Hér þarf að huga að málvenjunni. Þótt „fólk“ sé af báðum kynjum, er hér notað fornafnið það. Á þessu hafa margir flaskað.



**55. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Reykingar eru hættulegar fólki og þær skerða lífslíkur þeirra.

---

### Framlengja fund (ekki: fundi)

Hvort tekur sögnin *framlengja* með sér þolfall eða þágufall, þ.e. á að framlengja fund eða fundi? Sagnirnar lengja og framlengja hafa stýrt þf. Á vorum tímum hefur dálítið borið á því að sumir menn noti þgf. með sögninni framlengja. – Hér er mælt með þf., sem er upprunalegt og lengst af einrátt, og því að menn framlengi fund. Hið sama á við um gæsluvarðhald. Það er framlengt.

**56. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Jón vildi framlengja samningi um þetta mál.  
Gæsluvarðhaldi fangans var framlengt.

---

### Frumlag og umsögn (athuga vel tengsl þeirra)

*Umsögn* mótast yfirleitt af *frumlagi* eða *geranda*. Á þessu flaska menn stundum, einkum þegar gerandinn er hópur manna en orðið sjálft er í et. Dæmi: ?Um tugur manna hlutu áminningu. – Orðið tugur er et.-orð. Því væri betra að segja: Um tugur manna hlaut áminningu.

Í fjölmiðli var fjallað um fall í háskóla: ?Hluti af þeim sem féllu tóku aftur próf í vor. – Hluti er et.-orð og því er hér mælt með orðmyndinni tók. – Í fréttum var eitt sinn greint frá mótmælum vegna nýhýsis: ?Um helmingur atkvæðisbærra manna þar hafa mótmælt þessari byggingu. – Helmingur er et.-orð og hér væri því rétt að nota orðmyndina hefur.

**57. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Um helmingur atkvæðisbærra manna þar hafa mótmælt þessu.  
Hópur bænda gerðu aðsúg að erlendum ferðamönnum.

---

### Gera grein og skil (ekki: Hér hefur verið gert grein)

Oft er sagt: Hann hefur *gert grein* fyrir þessu, – og einnig er sagt: Hér hefur verið gerð grein fyrir þessu. – En stundum rugla menn þessu saman: ?Ekki hefur enn verið gert grein fyrir þessu máli. – Hér væri betra að segja: Ekki hefur enn verið gerð grein fyrir þessu máli, enda er það greinin sem hefur ekki verið gerð.

Hið sama má að segja um orðin: *gera e-u skil*. Í fjölmiðli var fjallað um tiltekin lokaverkefni, og var niðurlagið á þessa leið: ?Og verður lokaverkefnum þeirra gerð betri skil síðar. – Orðið skil í flt. sbr. að gera e-u góð skil og orðið skil er frumlagið. Hér hefði því farið vel á því að segja: Og verða lokaverkefnum þeirra gerð betri skil síðar, – því að skil verða gerð.

**58. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þessum málum verður síðar gerð betri skil.

---

### **Grunur leikur á þessu (ekki: grunur liggur á þessu)**

Stundum rugla menn saman tvenns konar orðalagi: *Grunur leikur á þessu*, og: Hann liggur hér undir grun. Niðurstaðan verður þá stundum þessi: ?Grunur liggur á því að ... . Hér hefði verið æskilegt að segja: Grunur leikur á því að ... .

**59. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Grunur liggur á því að Jón hafi falsað bókhald fyrirtækisins.

---

### **Heyja og yrkja (athuga breytilega beygingu og merkingu)**

Þegar talað er um að *heyja* stríð beygist so. svo í km.: heyja, háði, háð. Dæmi: Þessar þjóðir hafa oft háð stríð. En ef talað er um bændur og búalið, beygist so. heyja svo: heyja, heyjaði, heyjað og er þá átt við öflun heyja. – Hér er rétt að nefna einnig so. *yrkja*. Ef talað er um skáld, beygist sögnin þannig: yrkja, orti, ort. – En ef við tölum um bændur, er þeir yrkja (rækta) jörðina, þá er beyging í km. yfirleitt þessi: yrkja, yrkti, yrkt (en stundum þó: yrkja, orti, ort).

**60. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Svíar og Danir hafa stundum heyjað stríð.

Skáldið yrkti kvæðið.

---

### **Hrinda, hrinti / hratt (ólík beyging og ólík merking)**

Sögnin *hrinda* hefur tvenns konar beygingu í km. eftir merkingu. Hún hefur oftast veika beygingu í hlutstæðri merkingu: hrinda, hrinti, hrint, en sterka í óhlutstæðri merkingu: hrinda, hratt, hrundum, hrundið. Dæmi: Strákurinn hrinti stúlkunni, en: Árásinni hefur verið hrundið. – Stundum ruglast menn þó þessu saman: ?Herinn hrinti árásinni.

**61. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Áætluninni hefur verið hrint í framkvæmd.

---

### **Hröð hrynjandi (ekki: hraður hrynjandi)**

Orðið *hrynjandi* merkir: hreimur, hjómfall eða kveðandi. Þetta er kvk.-orð, og það er eins í öllum föllum. Æskilegt er að flaska ekki á þessu.

**62. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hrynjandi þessa verks er mjög hraður.

---

### Hundruð manna (ekki: hundruðir)

Stundum flaska menn á flt. orðsins *hundrað*. Sé orðið sérstætt er flt. hundruð. En sumir menn nota flt.-myndina: ?hundruðir. Þetta eru líklega áhrif frá flt.-myndunum þúsundir og milljónir. – Mælt er hér með hinni upprunalegu flt.-mynd: hundruð.

**63. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hundruðir manna flúðu land.

---

### Hurðir og dyr (ekki: þrjár dyr)

Sumir menn virðast ekki vissir um merkingu orðanna *hurð* og *dyr*. Hurð er úr efni og orðið þýðir fleki eða einhver slíkur hlutur til þess að loka dyrum eða opi. – Orðið dyr þýðir inngangur í hús eða herbergi. Orðið hurð getur verið bæði í et. og flt., þ.e. ein hurð, tvær hurðir, en orðið dyr er flt.-orð, þ.e. menn tala um einar dyr, tvennar dyr o.s.frv. (sbr. kaflann *Einir, tvennir, þrennir, fernir*).

**64. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Á húsinu eru tvær dyr.

---

### Hvor og hver annar (athuga þarf vel beyginguna)

Ýmsir virðast eiga í vandræðum með orðin hvor (=2) og hver (fleiri en 2), einkum í samböndunum *hvor annar* og *hver annar*. Þessi orð eru notuð sem gagnverkandi fornafn.

Orðasamböndin hvor eða hver annar eru í raun auðveld viðureignar. Athuga þarf það orð, sem vísað er til hverju sinni, en hvor og hver laga sig yfirleitt að því og eru í sama falli og kyni og það. Dæmi: Mennirnir hötuðu hvor annan en ekki: ?hvorn annan. – Þau taka tillit hvort til annars en ekki: ?til hvors annars. – Illa leist þeim skólasysturum hverri á aðra en ekki: ?á hvora aðra. – Enn eitt dæmi: Jóni og Guðrúnu leist vel hvoru á annað, en ekki: ?á hvort annað.

Dæmi um fleiri en tvo menn: Jónu, Guðrúnu og Sigríði var hlýtt hverri til annarrar en ekki: ?til hverrar annarrar. – Jóni, Guðmundi og Sigurði var vel hverjum við annan en ekki: ?við hvern annan.

Flt.-myndirnar eru hvorir og hverjir, eftir því hvort rætt er um tvo eða fleiri hópa. Athuga þarf þau orð, sem vísað er til, en hvorir (tveir hópar) og hverjir (fleiri en tveir hópar) eru yfirleitt í sama falli og kyni og þau: Nemendur og kennarar skólans virða hvorir aðra, og: þeim er vel hvorum við aðra. – Fleiri en tveir hópar: Njósningar allra stórveldanna óttuðust hverjir aðra, og þeim var heldur illa hverjum við aðra.

**65. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Ýmsir athafnamenn áttu hér skipti við hvern annan.

Leikmönnum í báðum liðunum er heldur illa við hvern annan.

---

---

### Höggva, hjó, hjuggum, höggvið (ekki: hoggið)

Sögnin *höggva* beygist yfirleitt þannig í km.: höggva, hjó, hjuggum, höggvið. Stundum hafa menn lh. þt. af sögninni.: ?hoggið, og viðtengingarhátt þt.: ?hjyggi í staðinn fyrir: höggvið og hyggi.

**66. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hér hefur verið hoggið stórt skarð í ættina.

---

### Í sína áttina hvor (ekki: í sitthvora áttina)

Stundum er sagt: Þær fóru í sitthvora áttina. Hér er mælt með upprunalega orðalaginu: Þær fóru *í sína áttina hvor*. Eða: Þær fóru hvor í sína áttina.

**67. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Drengirnir lásu sitthvora bókina.

---

### Koma í veg fyrir slys (síður: forða slysi)

Sumir segja: Bílstjóranum tókst að forða slysi. – Ekki þykir fara vel á að tala um: að forða slysi heldur geta menn forðað öðrum mönnum frá slysi eða annarri ógæfu. Betra þykir að tala um: *að koma í veg fyrir slys / afstýra slysi*.

**68. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Bílstjórinn forðaði slysi með því að aka út af veginum.

---

### Koma við sögu (ekki: Þegar hér var komið við sögu þá ...)

Oft er sagt: Jón Jónsson *kom hér við sögu*. Þá er einnig þekkt orðalagið: Þegar hér var komið sögu þá ... . – En sumir menn rugla þessu saman og segja: ?Þegar hér var komið við sögu þá ... . Mælt er með orðalaginu: Þegar hér var komið sögu.

**69. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þegar hér var komið við sögu var Jón orðinn gamall og hrumur.

---

### Kvænast og giftast (kynbundin?)

Stundum virðast menn í vafa um notkun og merkingu sagnanna: *kvænast* og *giftast*. Sögnin kvænast er leidd af orðinu kvæn (eiginkona), en það er hljóðverpt víxlmynd af kván. Myndin kván hefur síðar þróast í kvon og er það í samræmi við þróunina vá > vó > vo. Myndin kvon er í orðinu kvonfang og í so. kvongast. Sögnin kvænast tekur með sér þgf., þ.e. kvænast einhverri. Sögnin kvænast er skyld no. kona og myndinni kven-, t.d. í no. kvenfólk, kvenréttindi (eitt n).

Sögnin gifta(st) var í upphafi einungis höfð um konur. En sögnin hefur á síðari öldum fengið víðari merkingu og hún er nú höfð um bæði kynin. Sögnin giftast er skyld

orðunum gefa, gjöf, gáfa og gæfa. Orðin kvonfang, kvongast og kvænast eru kynbundin, þ.e. Jón kvæntist Guðrúnu.

**70. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Guðrún Jónsdóttir var kvænt Guðmundi Guðmundssyni.

---

### Ljá, léði, léð (ekki: ljáði, ljáð)

Sögnin *ljá* merkir að lána eða fá eða veita e-m e-ð. Stefán Ólafsson í Vallanesi orti um ástina sína í Raunakvæði: „Eg veit / er henni gæfan léð.“ Skáldið notar hér auðvitað orðmyndina léð. Km. sagnarinnar eru *ljá*, léði, léð. Sumir menn nota hér aðra beygingu: *ljá*, *?ljáði*, *?ljáð*. – Ekki er mælt með því hér.

**71. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hann hefur ekki ljáð máls á því að breyta reglunum.

---

### Lok tíunda áratugarins („thirties“ í ensku er ekki þriðji áratugurinn!)

Orðið (*ára*)*tugar* er yfirleitt í ef.: (ára)*tugar*. Því er sagt að eitthvað hafi gerst undir lok tíunda áratugarins. Rétt er að athuga vel að þriðji áratugur aldarinnar er ekki hið sama og það sem Danir kalla „trediverne“ og Englendingar „thirties“. Þetta er nokkurn veginn hið sama og fjórði áratugurinn. Stundum flaska menn á þessu.

**72. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Kreppan mikla hafði víðtæk áhrif hér á landi allan þriðja áratuginn.

---

### Móðir, faðir, systir, bróðir (athuga vel þessa beygingu)

Stundum flaska menn á algengum skyldleikaorðum, þ.e. no. *móðir*, *faðir*, *systir* og *bróðir*. Beyging þeirra í eintölu er þessi:

nf.	móðir	faðir	systir	bróðir
þf.	móður	föður	systur	bróður
þgf.	móður	föður	systur	bróður
ef.	móður	föður	systur	bróður

**73. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hana langaði að hitta móðir sína og systir.

Hann saknaði föðurs síns og bróðurs.

---

---

### Orðin að og af (athuga merkingu og notkun)

Stundum eru menn í vafa um orðin *að* og *af*. Í daglegu máli eru þessi orð oft áherslulítill og því heyrst oft ekki munur þeirra í framburði.

Forsetningin að er oft notuð um stefnu, um hreyfingu til e-s (menn hlæja að og gera gys að e-m). Hún er og oft höfð um breytingu, þ.e. með aðaláherslu á niðurstöðu (gera e-n að manni). Hún er einnig notuð um dvöl á e-m stað. Fs. að er einnig höfð um tíma (að ári), ástæðu eða með tilliti til e-s (rammur að afli) o.m.fl. – Atviksorðið: að er einkum haft um hreyfingu til staðar eða stefnu úr öðrum stað (hann kemur að austan).

Forsetningin af getur merkt margt. Algengt er að hún þýði frá (hafa gagn af e-u), og er hún þá höfð um hreyfingu (koma af sjó). Þá er fs. af einnig höfð um tilfærslu eða breytingu, úr einu í annað, svo og um tíma (af barnsaldri), ástæðu (af manna völdum) o.fl. – Atviksorðið af er oft með sögn og táknar þá að e-u sé lokið (það er af sem áður var). Það er einnig haft í ýmsum öðrum samböndum. – Þá er af oft forskeyti og þá stundum í neikvæðri merkingu (afsvær). Sjá nánar í orðabókum.

**74. verkefni:** Setjið ð eða f í stað þankastriksins:

- a) Það er gagn a– þessu.
- b) Hafa má gagn a– þessu.
- c) A– lokum gekk Egill a– Ljóti hinum bleika dauðum.
- d) Strákurinn gerði þetta a– ásettu ráði.
- e) A– gefnu tilefni skal tekið fram að hér er bannað að hlæja a– félögum sínum.
- f) Það sópar a– henni.
- g) Þeir voru sammála a– þessu leyti.
- h) Þetta er bannað a– þessari ástæðu.
- i) Hann er rammur a – afli.
- j) A– föður sínum látnum tók hann við jörðinni.
- k) Ekki er mark a– draumum.
- l) Þessi fátækt er a– manna völdum.

### Orðstír og Valtýr (ekki: rugla þessum orðum saman!)

Sumir rugla saman orðunum *orðstír* og *Valtýr*. Er þá sagt að e-r ?hafi fengið góðan orðstý. – Hér er um tvö óskyld orð að ræða. Annars vegar er hinn heiðni guð, Týr sbr. nöfn eins og Valtýr eða Hjálmtýr. Þar er ritað ý og ekkert í í aukaföllum: Valtýr, um Valtý og ef.: Valtýs.

Orðstír merkir: frægð, lof eða orðrómur. Nf., þf. og þgf. er: orðstír, með í-i, ef. er: orðstírs. Sumir menn geta sér góðan orðstír og í Hávamálum segir að orðstír manna deyi aldrei, ef þeir geta sér gott orð.

**75. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Guðrún hafði fengið góðan orðstý sem kennari.

## Ópersónulegar sagnir (þær eru mörgum erfiðar!)

Ópersónulegar sagnir eru mörgum erfiðar. Þessar sagnir taka með sér aukafall og mynd so. breytist ekki, þótt skipt sé um orðið á undan: mig þyrstir, hana þyrstir, þá þyrstir o.s.frv. – Í þessum so. er oft sagt frá því að e-ð gerist, oft af tilviljun, og ekki er sagt hver valdi því, en oft er eins og það sé einhver hulinn kraftur. Sagnir þessar eiga oft við um veður eða ýmis náttúrufrýrbæri, ástand sálar eða líkama, árstíðabreytingu o.fl.

Sumar sagnir eru ýmist persónulegar eða ópersónulegar. – Þegar sögnin er persónuleg, breytist mynd hennar eftir gerandanum: Ég gruna, þú grunar, við grunum. En ef sögnin er ópersónuleg, er orðið á undan í aukafalli og mynd sagnarinnar breytist ekki: Mig grunar, þig grunar, okkur grunar. – Þennan atburð bar þar hæst og: Þessa atburði bar þar hæst, eða: Atburðina bar á góma og: Lögfræðinga greinir á um hvernig beri að túlka þetta (sbr. kaflann um „þágufallssýki“).

En stundum eru sagnir gerðar ópersónulegar, þar sem það á ekki við samkvæmt málvenju: ?Mig hlakkar til, en rétt er: Ég hlakka til, við hlökkum til. Annað dæmi: ?Bátinn tók niðri í höfninni, en rétt væri: Báturinn tók / Skipin tóku niðri í höfninni.

**76. verkefni:** Hvort orðalagið er betra í þessum dæmum? Merkið rétt og rangt með + og – :

- a) Þessi atburður / Þennan atburð bar oft á góma.
- b) Hvali rekur / Hvalir reka þar stundum á fjörur.
- c) Nátttröllin hefur / hafa dagað uppi.
- d) Öldur hafa / hefur nú lægt í þessu deilumáli.
- e) Þá báru hvimleiðir náungar / Þá bar hvimleiða náunga að garði.
- f) Hann / Honum hafði sinnast við mann á Akureyri.
- g) Kristinn og Sigurður greina / Kristin og Sigurð greinir á um túlkun laganna.
- h) Þeir ráku / Þá rak í rogastans er fréttirnar bárust.
- i) Þykkar reykjarmökk / Þykkur reykjarmökkur lagði frá húsinu.
- j) Þetta er dæmi um þær öfgar sem nú gæta / nú gætir / í samfélaginu.
- k) Báturinn / Bátinn tók niðri í innsiglingunni.

## Ráða, réð (síður: réði og mm. réðist)

Sumir virðast í vafa um þt. sagnarinar ráða. Km. eru: ráða, réð, réðum, ráðið. Miðmyndin er: ráðast. Þt. er réð, en síður: réði og í mm. réðst, en síður: réðist.

**77. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hvað réði vali þínu um vinnu?

Herinn réðist til atlögu snemma um morguninn.

## Sér eða honum (athuga merkingarmun!)

Sumir eru í óvissu um notkun afturbeygða fornafnsins *sig*, *sér*, *sín* og persónufornafnsins *hann*, *hún*, *það*. Hvort er betra orðalag: Jón sagði að Guðmundur hefði stolið bókinni frá

sér eða: ... stolið bókinni frá honum? – Hið fyrra er betra. Fornafnið sér þýðir að vísað er til Jóns, en honum þýðir að vísað er til „hans“, þ.e. einhvers annars manns.

**78. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Fischer sagði að vegabréfið hefði verið tekið af honum.

---

### Sigra í keppni (ekki: sigra keppnina)

Sagnirnar *sigra* og *vinna* er skyldrar merkingar en nokkur munur er á notkun þeirra. Einstakir menn sigra í keppni, og einnig er sagt að þeir vinni keppni eða mót. Hins vegar er það gagnstætt íslenskri málvenju að tala um: ?að sigra keppnina eða mótið.

**79. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Friðrik sigraði mótið.

---

### Tíðni hækkar eða lækkar (ekki: tíðni eykst eða minnkar)

Oft er talað um: *tíðni* e-s, t.d. banaslysa og glæpa. Og sumir menn segja jafnvel að: ?afbrotatíðni hafi aukist. Hér er betra að segja að tíðni hafi hækkað eða lækkað. Oft er þó hægt að nota hér sögn, þ.e.: Glæpum hefur fjölgað, eða: Afbrotum hefur fækkað. – En merking er þó ekki alveg hin sama því að taka verður tillit til annarra þátta, t.d. hvort fjöldinn, sem miðað er við, sé hinn sami.

**80. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Tíðni banaslysa í umferðinni hefur aukist hér á landi.

---

### Tvínefni og beyging þeirra (bæði nöfnin beygjast)

Nú er algengt að fólk heiti *tveimur nöfnum* og yfirleitt beygjast bæði nöfnin. Dæmi: Hún er vinkona Hörpu Sjafnar og Jóns Þórs.

**81. verkefni:** Setjið nöfnin í svigunum (í réttum myndum) í eyðurnar:

Sigríður talaði við vinkonur sínar, (Unnur Björk) \_\_\_\_\_ og (Hildur Björg) \_\_\_\_\_, og bað þær um að hjálpa (Hallfríður Fanney) \_\_\_\_\_, frænku sinni. Þær tóku því vel en óskuðu eftir liðsinni (Eygló Dröfn) \_\_\_\_\_. Guðmundur, bróðir Sigríðar, bauðst þá til þess að tala við vini sína, (Skarphéðinn Freyr) \_\_\_\_\_ og (Kristinn Þór) \_\_\_\_\_, og hann kvaðst einnig viss um stuðning þriggja féлага sinna, þeirra (Haraldur Már) \_\_\_\_\_, (Hákon Ingi) \_\_\_\_\_ og (Hjörtur Snær) \_\_\_\_\_.



## Tölva (ekki: talva!)

*Tölvur* eru mikilvægar nútímamönnum í allri upplýsingaöflun og vinnslu (Athugið vinnsamlegast rithátt orðanna: upplýsingaöflun og: upplýsingarstefna!). Tölva er ágætt nýyrði, sbr. orðið: tala og hið forna orð: völva, og orðið tölva beygist eins og völva, þ.e. tölva, um tölvu, flt. tölvur. Sumir hafa beygt tölvu eins og orðið gata, þ.e. talva, um tölvu, en ekki er mælt með því hér.

**82. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þetta er nýja talvan hans Jóns.

---

## Tölvun geymir óbreyttan texta (ein breyting nægir oft ekki!)

Ef menn breyta orðum í tölvuvinnslu, þurfa þeir oft að breyta einnig öðrum orðum í texta sínum. Tökum sem dæmi að í textanum standi: „Þetta var áhugaverð og fróðleg ráðstefna.“ Við yfirlestur og íhugun telja menn „ráðstefnu“ ekki rétt orð hér og breyta því í: „fund.“ En þetta kallar á aðrar breytingar. Að öðrum kosti er setningin svohljóðandi: „Þetta var áhugaverð og fróðleg fundur,“ og telst það ekki góður stíll hjá íslenskum manni. – Allalengt er að sjá mistök af þessu tagi.

**83. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Starfsmenn stofnunarinnar ber að koma til vinnu á réttum tíma.

---

## Úrkostir og kostir (í tengslum við orðið annar)

Orðið *úrkostur* merkir: kostur, vöð eða úrræði, og oft er það notað í tengslum við orðið annað: Hann átti ekki annars úrkosti. Hér stýrir so. eiga orðmyndinni „úrkosti“ en „annars“ er einkunn með henni. – Hins vegar er svo orðalagið: Hann átti ekki annað úrkosta. Þar stýrir eiga orðmyndinni „annað“ (þf.) en „úrkosta“ er einkunn með henni. – Ef mönnum finnst þetta flókið, er hægt að orða þetta með öðrum og einföldum hætti: Hann átti ekki annarra kosta vöð. – Heldur rislitið er orðið valkostur en það þýðir: val eða vöð.

**84. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hann átti ekki annars úrkosta.

---

## Vafasamar vísanir (á þeim hafa margir flaskað!)

Fyrir kemur að menn vísa í fornar sögur eða fræði til að gera mál sitt lifandi. Stundum beita menn *vafsömum vísunum* eftir minni, en þá getur farið illa. – Eitt sinn auglýsti ferðaskrifstofa, sem þá var við lýði, í sérstöku kveri: „Út vil eg,“ sagði Egill. – Hér var tvennt ekki sem skyldi. 1) Þetta eru fræg orð Snorra Sturlusonar í Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar, en Snorri var þá í Noregi. 2) Snorri hélt „út“, þ.e. vestur eða heim til Íslands þrátt fyrir bréf Hákonar konungs en hann bannaði öllum Íslendingum að fara „út“ á því sumri. – Ef menn beita vísunum er nauðsynlegt að þeir kanni málið, fletti upp fleygum orðum og hugi að merkingu þeirra. Menn þurfa að fara rétt með og vita um samhengið til þess að vísanir komi að gagni.

**85. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

„Eigi skal höggva,“ sagði Egill.

Þetta minnir á fræg orð Árna Magnússonar við Úffelen í Íslandsklukkunni.

---

---

### Valdur að slysi (ekki: Hún var valdur að slysi!)

Lýsingarorðið *valdur* merkir: sem veldur (einkum e-u slæmu). Það beygist svipað og orðið kaldur. Hann er valdur að slysi, hún er völd, þeir eru valdir og þær eru valdar að slysi. Á þessu hafa ýmsir flaskað.

**86. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hún er valdur að þessu slysi.

---

---

### Varðandi gagnvart (oft eru önnur orð betri)

Því miður virðast sumir menn forðast einfaldar forsetningar eins og um, í, við og til en nota í staðinn orðin: varðandi og gagnvart en ýmis dæmi eru tiltæk um heldur klaufalega notkun þeirra: Stjórnin miðlar málum varðandi deiluna, – en betra væri: Stjórnin miðlar málum í deilunni. – Dæmi: Yfirvöld hafa ekki gefið neina skýrslu varðandi þetta slys, – en hér væri betra: skýrsla um þetta slys. – Dæmi: Skyldur ráðamanna gagnvart þjóðinni. – Betra er: Skyldur ráðamanna við þjóðina. – Dæmi: Afstaða Bandaríkjanna gagnvart Venesúela – Betra er: Afstaða Bandaríkjanna til Venesúela – Dæmi: Þetta er verkefni, sem ekki þýðir að tjalda til einnar nætur gagnvart. – Betra væri: Þetta verkefni verður að leysa og hér duga engar skammtímalausnir.

**87. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Ráðherrann bíður eftir skýrslu varðandi málið.

Ráðherrann fellst á kjarasamninga gagnvart opinberum starfsmönnum.

---

---

### Vekja upp fólk, drauga – og ýmsar spurningar og grunsemdir?

Orðin *vekja upp* eru stundum höfð um það að vekja fólk af nætursvefni. Og í þjóðsögum er oft talað um að vekja upp drauga. En sumir menn tala um að: „vekja upp grun,“ og: „vekja upp spurningu.“ Heppilegra væri að nota önnur orð, t.d.: Hér hljóta ýmsar spurningar / grunsemdir að vakna og vafasöm hegðun vekur e.t.v. grun um ólöglega háttsemi.

**88. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þetta hlýtur að vekja upp ýmsar spurningar.

---

---

### Vel launuð störf (ekki: hæst launuðustu störfin!)

Launamál eru stundum til umræðu, og er þá rætt um *vel eða illa launuð störf*. Þetta er lh. þt. af so. launa. En sumir virðast ruglast hér á lo. og so. tala þá um ?hæst eða lægst launuðustu störfin. Ekki er mælt með því hér heldur: best eða verst launuð störf.

**89. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Þetta eru hæst launuðustu störf hér á landi.

---

### Versla og kaupa (ekki: versla einhverja vöru)

Sumir menn eru í óvissu um sagnirnar *versla* og *kaupa*. So. versla merkir að skipta við, kaupa eða selja eða gera innkaup. So. kaupa merkir m.a. fá e-ð gegn gjaldi, hafa skipti á e-u eða semja um e-ð. Hér skarast merking, en sá er þó munur að so. kaupa er áhrifssögn. Hún tekur með sér fallorð í aukafalli, andlag, en so. versla er áhrifslaus, þ.e. hún tekur ekki með sér andlag. Hér er mælt með orðalaginu kaupa vöru, en ekki: ?versla vöru. Í nýlegri auglýsingu stóð: Verslaðu af fagmönnum! – Betra væri: Verslaðu við fagmenn!

En stundum er sögnin kaupa notuð í sérkennilegu samhengi. Alloft er t.a.m. rætt um tilteknar hugmyndir til þess að leysa ágreiningsmál og þá er sagt: Ráðherrann keypti ekki þessar hugmyndir. – Þetta er fengið úr ensku, en so. „buy“ í því máli getur m.a. merkt: kaupa en einnig: fallast á e-ð eða samþykkja e-ð, t.d. einhverjar hugmyndir. Vel fer á því að segja að ráðherrann hafi ekki fallist á / samþykkt eitthvað.

**90. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Karlar versluðu blóm á konudaginn.

Ráðherrann keypti ekki þessar hugmyndir.

---

### Þau urðu vör við þetta (ekki: Þau urðu var við þetta)

Hvort er betra að segja: *Þau urðu vör við þetta* – eða: *Þau urðu var við þetta*? – Hið fyrra er betra. Lýsingarorðið var beygist eins og lo. snar. Í slíkum orðum hefur a í sumum orðmyndum breyst í ö samkvæmt u-hljóðvarpi. Orðið var hefur breytilegar myndir. Því fer vel á því að segja: *Þau urðu vör við þetta* og einnig: *Þeir urðu varir*, *þær urðu varar* og *hún varð vör við þetta*.

**91. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hún varð var við þetta.

Þær urðu var við þetta.

---

### Þágufallssýki (... ætli hún sé smitandi?)

*Þágufallssýki* er það kallað þegar notað er þágufall með ópersónulegum sögnum þar sem annað fall á að vera samkvæmt málvenju. Dæmi: ?Honum langar. Þessi „sýki“ er þó allumdeild. – Í *Íslenskri orðabók*, 3. útgáfu, er orðalagið „e-m langar“ merkt með „!?“ og bent á orðalagið: „e-n langar“. Um sögnina er þar sagt: „notkun með þágufalli er all-

algeng en ekki talin gott mál“. – Undir þetta skal tekið hér, en þó bent á, að ástæðulaust er að veitast að fólki, sem þannig talar. Hins vegar er rétt að benda á hvað betur megi fara. – Þágufall er með fremur fáum ópersónulegum sögnum (nema miðmyndarsögnum, en þær enda á st: Dæmi: mér leiðist, mér gremst). Helstar af ópersónulegum sögnum (sbr. kaflann um þær hér að framan), sem taka með sér þágufall, eru: mér batnar, mér dugar, mér líður, mér líkar og mér þykir.

Algengustu sagnir, sem menn flaska, á eru:

?mér langar, – betra er: mig langar,  
?mér skortir, – betra er: mig skortir,  
?mér vantar, – betra er: mig vantar,  
?mér dreymir, – betra er: mig dreymir,  
?mér grunar, – betra er: mig grunar,  
?mér hryllir við, – betra er: mig hryllir við,  
?mér lengir eftir, – betra er: mig lengir eftir,  
?mér munar um, – betra er: mig munar um,  
?mér verkjar – betra er: mig verkjar.

Til og er að menn setji *ranglega aukafall*, þar sem notað er nefnifall: Ég hlakka til, en ekki: ?Mig hlakkar til, eða: ?Mér hlakkar til. – Séu menn í vafa, er einfalt að fletta þessu upp í orðabók.

**92. verkefni:** Hvort orðalagið er betra í þessum dæmum? Merkið rétt og rangt með + og – :

- a) Manninum / Manninn langar að fara heim.
- b) Sigurð / Sigurði hryllti við þessari sýn.
- c) Konunum / Konurnar vantar aðstoð í þessu máli.
- d) Mér / Mig dreymdi ljótan draum í nótt.
- e) Mennina / Mönnunum skortir allar lífsnauðsynjar.
- f) Henni / Hana verkjar í sárið.
- g) Honum / Hann munar um þennan styrk.
- h) Börnunum / Börnin lengir eftir komu jólanna.
- i) Þórunn / Þórunni hlakkar til þess að fara utan.

### **Þjóð, land, ríki (ekki sömu hugtökin!)**

*Íslendingar og Ísland.* – Þessi hugtök eru nátengd í hugum margra. En sumir virðast ekki átta sig á því að land er annað en þjóð. Illa fer t.a.m. á því að bera saman Ísland (land, ríki) og Dani (þjóð). Slíkur samanburður getur einkum verið með tvennum hætti: Íslendingar – Danir eða: Ísland – Danmörk. Mistök í þessum efnum eru algeng: Í umfjöllun um menntun var t.a.m. sagt: Stendur Ísland ágætlega að vígi í samanburði við Dani. – Æskilegt er að forðast slíka hnökra.

**93. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Ísland stendur sig vel í samanburði við Dani.  
Ísland er í hópi ríkustu þjóða heims.

### **Þolmynd (á stundum vel við en ekki alltaf!)**

Algeng orðaröð í íslensku er þannig: frumlag, umsögn, andlag (forsetningarliður). Dæmi: Strákurinn barði hundinn (með priki). Þessi setning er í *germynd*, en oft er notuð *miðmynd*: Strákarnir slógust, eða *þolmynd*: Hundurinn var barinn (af stráknum). Fer það eftir samhengi og eðli máls hvaða mynd er notuð. – En stundum getur þolmyndin verið tvíræð: Myndin er máluð af mér. – Getur slíkt jafnvel verið brotlegt, sbr. orðalag í fjölmiðli: Þeim var afhent skinnið af skátahöfðingjanum! Þá er stundum klaufalegt orðalag í þolmyndinni: Þeim var rænt af mannræningjum.

**94. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Skartgripunum var síðar stolið af þjófum.

---

### **Stíll**

#### **Innskotssetningar oft varasamar (menn gleyma að fallbeygja!)**

Sumir menn hafa flaskað á *innskotssetningum*, þ.e. setningum sem skotið er inn í aðrar setningar, og rangt fall er notað: Dæmi: ?Sá vandi, sem að steðjar, mun ég ekki leysa. – Betra væri: Ég mun ekki leysa þann vanda sem að steðjar.

Eitt sinn var sagt í fjölmiðli: ?Maðurinn, sem er á fertugsaldri, var sleppt síðdegis. – Betra væri: Manninum, sem er á fertugsaldri, var sleppt síðdegis.

Oft er gott að sleppa innskotssetningum, einkum ef þær eru langar, enda valda þær stundum brenglun.

**95. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Fimm menn, sem talið er að tengist Vítisenglum í Noregi, hefur verið vísað úr landi. Fólkið, sem sá til þeirra, tókst að bjarga konunni frá manninum.

---

---

#### **Nafnorðastíll (oft þunglamalegur og þreytandi!)**

*Nafnorðastíll* heitir það þegar menn nota einkum (samsett) nafnorð, þegar eðlilegra væri að nota sagnorð og um það eru ýmis dæmi. Íslenskan er sagnorðamál, og oft er rismeira og betra að nota þau frekar en nafnorð, sé þess kostur. Þunglamalegur nafnorðastíll er algengur: framkvæma málningarverk í stað: mála. – Umfang framkvæmda hefur aukist í ár í stað orðanna: Meiri framkvæmdir eru í ár, eða: Meira er framkvæmt í ár en í fyrra.

**96. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Aukning hefur orðið í fjölda námsmanna í Háskóla Íslands. Fólksfjölgun hefur verið 2% á ársgrundvelli.

---

---

### Nástaða og merkingarsnauð orð (athuga þarf þetta!)

Það er kallað *nástaða* þegar sömu orð (eða stílbrigði) standa óþægilega nálægt í sama texta. Þetta orkar illa á lesendur eða áheyrendur og best er með forðast slíka hnökra. Samheitaorðabækur geta reynst hér gagnlegar og æskilegt er að forðast merkingarsnauð orð. Dæmi: Sumum hjónaböndum lýkur með skilnaði hjónanna. Betra væri: Sumum hjónaböndum lýkur með skilnaði. – Bóndinn fór með sauðfé sitt í sláturhús til slátrunar. Betra væri: Bóndinn fór með sauðfé sitt í sláturhús.

**97. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Hún undirbjó sig vel undir prófið.

Fyrsta málfraeðiritgerðin er ritgerð, sem samin var um 1150. Þetta er mjög athyglisverð ritgerð og í ritgerðinni er mikill fróðleikur um formálið.

### Vafasamar tilvísunarsetningar (margir flaska á þeim!)

*Tilvísunarsetningar* standa oftast með nafnorði eða fornafni. Dæmi: Þarna er stúlkan, sem hann er ástfanginn af (ekki: ástfanginn í). Illa fer á því að láta þær standa með heilli setningu. Dæmi: Sökum vatnsleysis komumst við aldrei í bað, sem er afleitt. – Vafasamar auglýsingar hafa stundum vakið nokkra athygli: Nýkomnir hanskar handa karlmönnum, sem eru loðnir að innan!

**98. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Sökum fátæktar komst hún, veik konan, ekki á sjúkrahús, sem er til skammar.

### Viðtengingarháttur (ástæðulaust er að forðast hann!)

Stundum flaska menn á *viðtengingarhætti*. Þetta er algengt í skilyrðissetningum. Í fjölmiðli var sagt: ?Þetta gerist ef tillögurnar nái fram að ganga. – Hér færi betur: Þetta gerist ef tillögurnar ná fram að ganga. Eða: Þetta gerist nái tillögurnar fram að ganga. – En menn ættu hins vegar ekki að forðast viðtengingarháttinn þegar hann á við, t.d. Hann óttaðist að þetta ylli vandræðum, og hér er vh. í þt. – Sumir sneiða hjá vh. þt. og segja því: ?Hann mundi gera þetta ef hann mundi geta. Betra væri: Hann mundi gera þetta ef hann gæti. Eða: Hann gerði þetta ef hann gæti.

**99. verkefni:** Lagfærið eftirfarandi texta:

Við föllumst á þessa lausn málsins ef þeir ábyrgist greiðslu fjárins. Hann mundi gera þetta ef hann mundi geta.

### Ydda stíl (segja sem mest í sem fæstum orðum!)

Oft vilja menn *ydda stíl* og það þýðir að nota þau orð sem hafa raunverulega merkingu en fjarlægja hin. Best er að segja sem mest í sem fæstum orðum. Tölurnar eru hentugar í

Þessu efni. Hægt er í WORD-kerfinu í „Tools – Word Count“ að sjá orðafjöldann og hve mörg slög (og stafabil) eru í textanum. Í upphaflegum orðum eru oft ýmis atriði, sem hafa litla eða enga merkingu, og því er æskilegt að ryðja þeim burt. Ef þar eru efnisgreinar, sem höfundinum þykir sárt að henda, er hægt að vista þær í sérstökum afgangi og nota þær e.t.v. síðar.

Oft er hægt að segja hið sama í miklu færri orðum. Dæmi: Það fólk, sem hefur nýlega orðið mjög ríkt og veit ekki aura sinna tal, er oft eigingjarnt. Betra væri: Nýríkt fólk er oft eigingjarnt. – Kjartan Ólafsson var giftur konu sem hét Hrefna Ásgeirsdóttir. Betra væri: Kjartan Ólafsson átti (eða: var kvæntur / giftur) Hrefnu Ásgeirsdóttur. – Njáll Þorgeirsson var ekki með neitt skegg á vöngum sínum. Betra væri: Njáll Þorgeirsson var skegglaus.

Hugum þá að inngangi ritsmíðar. Sumir menn hefja ritgerð eitthvað á þessa leið:

Í þessari ritgerð minni, sem hér fer á eftir, ætla ég að reyna að segja frá því hvaða skoðun ég hef á því máli sem hér er til umfjöllunar, þ.e. dauðarefsingum. Tekið skal fram að ég er enginn sérfræðingur í þessu máli svo að þetta, sem ég segi hér á eftir, verða aðeins persónuleg viðhorf sem ég hef í málinu.

1. aths.: Slíkur inngangur er ekki rismikill. Höfundurinn gerir lítið úr sér og hæfileikum sínum og hið eina, sem af því getur hlotist, er að það heppnist!

2. aths.: Í þessum stutta inngangi kemur oft fyrir persónufornafnið „ég“ en ofnotkun þess er óæskileg, einkum í rökfærslurritgerðum. Þetta leiðir og oft til stílhökra vegna nástöðu.

3. aths.: Í inngangi þessum eru fánýtar og óþarfar upplýsingar. Lítum á upphafið: Í þessari ritgerð minni [fróðlegt?], sem hér fer á eftir [fróðlegt?], ætla ég að reyna að segja frá því [þróttmikið?] hvaða skoðun ég hef ... . – Hér er margt sem fella má brott!

**100. verkefni:** Skerið „innganginn“ niður í fjögur eða fimm orð (30-40 slög):

---

## **Eftirmáli**

Og eitt að lokum: Æskilegt er að vista ritgerð eða skrifleg verkefni reglubundið með tryggum hætti, svo að þau glatist ekki. Lesa þarf verkefnið yfir í prentaðri gerð því að þreytandi er að horfa lengi á tölvuskjá. Merkja á vel það sem lagfæra þarf, koma lagfæringunum réttum (án nýrra villna!) inn í skjalið og muna að vista það með breytingum. Æskilegt er að hafa í huga að ein breyting kallar oft á fleiri breytingar.

## Heimildir

- Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Íslensk þjóðfræði. Almenna bókafélagið, Rvík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Rvík.
- Baldur Sigurðsson og Bjarni Ólafsson. 1989. *Fram á ritvöllinn*. Mál og menning, Rvík.
- Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson. 1979. *Íslenzkir málshættir*. Íslensk þjóðfræði. Almenna bókafélagið, Rvík.
- Gísli Skúlason. 1999. *Hagnýt skrif. Kennslubók í ritun*. Mál og menning, Rvík.
- Guðmundur Sæmundsson. 2003. *Bókmenntir og málfræði*. Námsbók í ÍSL 202. Blá-Skógar, Laugarvatn.
- Gætum tungunnar*. 1984. Áhugasamtök um íslenskt mál. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvík.
- Halldór Halldórsson. 1991. *Íslenzkt orðtakasafn*. Íslensk þjóðfræði. Almenna bókafélagið, Rvík.
- Halldór Halldórsson. 1994. *Stafsetningarorðabók með skýringum*. Almenna bókafélagið, Rvík.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Rvík.
- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágang*. Iðunn, Rvík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1985. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Rvík.
- Íslensk orðabók*. 2002. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Rvík.
- Íslensk samheitaorðabók*. 1985. Ritstjóri Svavar Sigmundsson. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands, Rvík.
- Jón G. Friðjónsson. 1993. *Íslensk orðatiltæki. Mergur málsins. Uppruni, saga og notkun*. Örn og Örlygur, Rvík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1994. *Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun*. Mál og menning, Rvík.
- Kristján Eiríksson. 1990. *Máltækni*. IÐNÚ, Rvík.



*Orðabók Háskólans*. Gagnasafn. Vefslóð: <http://lexis.hi.is>.

Ragnheiður Briem. 1999. *Réttritun handa framhaldsskólum*. Mál og menning, Rvík.

*Réttritunarorðabók*. 1989. Ritstjóri Baldur Jónsson. Námsgagnastofnun og Íslensk málnefnd, Rvík.

Sölvi Sveinsson. 1995. *Íslenskir málshættir með skýringum og dæmum*. Iðunn, Rvík.

Sören Sörenson. 1984. *Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*. Jóhann S. Hannesson bjó til prentunar ásamt fleirum. Örn og Örlygur, Rvík.

Þorleifur Hauksson (ritstjóri) og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands. Mál og menning, Rvík.

Þórbergur Þórðarson. 1971. *Einum kennt – öðrum bent. Tuttugu ritgerðir og bréf 1925–1970*. Mál og menning, Rvík.

Þórunn Blöndal. 1994. *Málgagn. Kennslubók í málnotkun*. Mál og menning, Rvík.

## Svör við verkefnum

- 1) Minnisstæð verða ávallt ýmis hrapalleg mistök í heimsstyrjöldinni síðari.
- 2) Atburðarásin var mjög hröð. – Jón kom heim um síðustu mánaðamót.
- 3) Fallið var frá áætluninni um rekstur verslananna. Fjöldi skoðanakannana ... vísbendingar um úrslit kosninganna. Vegna sífelldra hótana og ógnana glæpasamtakanna var gripið til ráðstafana til verndunar húsanna. Lestin hélt ekki áætlun vegna vélarbilunar. Héðin grunaði að Óðinn yrði einmana ... þar einhvern tímann í hann krappan. Þórarin langaði að hitta Kristin, vin sinn, á skemmtuninni. Skarphéðinn vó Þráin. Sumir ... trúðu á drottin en aðrir á Óðin. Misjöfn verða morgunverkin. Þessi kvenmaður kom hingað um morguninn.
- 4) Ferðin tókst að flestu leyti vel. Hann kom heim um þrjúleytið. – Jón Jónsson, Hvassaleiti 4, las vel enda voru vorpróf voru á næsta leiti.
- 5) Vörurnar fást ekki í þessari verslun og reyndar ekki heldur í nokkurri annarri verslun hér. – Hann saknaði hvorki þessarar konu né heldur nokkurrar annarrar. – Jón gat hvorki reitt sig á stuðning þessara manna né nokkurra annarra.
- 6) Í ljós kom að eldurinn barst í nálæg hús.
- 7) Hann er heiðursfélagi Rithöfundasambandsins.
- 8) Margir Íslendingar fara (suður) til sólarlanda.
- 9) Enginn umsækjanda fullnægði tilskildum kröfum um menntun.
- 10) Í Reykjavík búa nú [2003] um 112.000 manns.
- 11) Loftur er 21 árs. – Ýmis áföll eru eðlileg í lífi okkar. – Þegar / Úr því að / talið er um þetta, þá ... . – Talið er líklegt að í ljós muni koma að fleiri hafi farist.
- 12) Það hefur verið erfitt, spennandi og ögrandi að leika þetta hlutverk. – Í Afríku búa ýmsir menn sem eru ekki hvítir á hörund.
- 13) Þessi verslun selur gæðavörur á góðu verði. – Þetta er einkar vönduð fréttamenska.
- 14) Talið er að NN, tvítugur námsmaður, hafi ekið bílnum.
- 15) Þessi lausn kemur ekki lengur til greina / til álita.
- 16) Nú eru ferðir norður alla virka daga.
- 17) Sigríður Jónsdóttir / fer með forystu í nefndinni / er formaður nefndarinnar.
- 18) Hann gekk einn kílómetra. – Bensínlítrinn kostar 110 krónur.
- 19) Þetta tilboð er fráleitt. Eða: Þetta kemur ekki til greina / álita.
- 20) Fjársterkir athafnamenn hafa keypt kaupfélagið og tekið við stjórn / rekstri / þess.
- 21) Bankarnir skila góðum hagnaði um þessar mundir.
- 22) Í prófi svitna menn og eru miður sín. – Þeir sem klífa hæstu fjöll heims þurfa að nota súrefnisgrímu.
- 23) Þar var dánarbeður konungsins.
- 24) Hann fór einn inn í herbergi sitt og drúpti höfði.
- 25) Hér verða líklega einhver eftirmál.
- 26) Stórkaupmaðurinn arfleiddi ungan frænda sinn að öllum eigum sínum.
- 27) Jarðgangagerð er talin erfið þar.
- 28) Fólk hefur hafst við í hellum. – Lögreglan hefst ekki að í þessu máli.
- 29) Fuglarnir hafa klakið út eggjum.
- 30) Nokkrir þingmenn kvöddu sér hljóðs um málið. – Lögreglan var kvödd á vettvang.
- 31) Jón ann Guðmundi ekki sannmælis. – Guðrún undi ekki við lyktir málsins.
- 32) Hér er fulldjúpt í árinni tekið. – Þeir reyna að klóra í bakkann.
- 33) Þar berast menn á banaspjót.

- 34) Sumir vilja hafa hér bjór á boðstólum.
- 35) Þeim hefur tekist að brjóta þetta mál til mergjar.
- 36) Jóna þekkir þessi mál vel og hún veit hvar skórinu kreppir.
- 37) Jón heltist brátt úr lestinni.
- 38) Hún fór vill vegar.
- 39) Andstæðingar ráðherrans kynda hér undir hatri og illdeilum.
- 40) Hér eru mörg ljón á veginum.
- 41) Snurða hljóp á þráðinn í samningaviðræðum.
- 42) Þessi höfundur aðhylltist rómantísku stefnuna í bókmenntum.
- 43) Hjónin eru ósátt.
- 44) Þeir ollu mér nokkrum vonbrigðum. – Hraunstraumarnir ullu hratt fram.
- 45) Hinn 16. nóv. 2007 verða 200 ár liðin / tvær aldir liðnar / frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar. – 200. ártíð skáldsins verður 26. maí 2045.
- 46) Héðinn var lengi starfsmaður Máls og menningar. – Hann beið fæðingar fyrsta barns síns.
- 47) Þessi tillaga byggist á því að nýr vegur verði lagður.
- 48) Sigur vannst á tvennum vígstöðvum. – Þrenn samtök launamanna eru þessu andvíg.
- 49) Þetta gekk eins fljótt og hægt var.
- 50) Þetta er sennilega eitthvert leiðindamál. Er nokkurt gagn að þessu?
- 51) Þeim var falin varðveisla fjárins.
- 52) Hann fór ungur utan / til útlanda.
- 53) Jón hafði í fyrstu mikinn áhuga á náminu en síðar fékk hann leiða á því.
- 54) Þeir urðu felmtri slegnir.
- 55) Reykingar eru hættulegar fólki og þær skerða lífslíkur þess.
- 56) Jón vildi framlengja samning um þetta mál. – Gæsluvarðhald fangans var framlengt.
- 57) Um helmingur atkvæðisbærra manna þar hefur mótmælt þessu. – Allmargir bændur gerðu / Hópur bænda gerði / aðsúg að erlendum ferðamönnum.
- 58) Þessum málum verða síðar gerð betri skil.
- 59) Grunur leikur á því að Jón hafi falsað bókhald fyrirtækisins.
- 60) Svíar og Danir hafa stundum háð stríð. – Skáldið orti kvæðið.
- 61) Áætluninni hefur verið hrundið í framkvæmd.
- 62) Hrynjandi þessa verks er mjög hröð.
- 63) Hundruð manna flúðu land.
- 64) Á húsinu eru tvennar dyr.
- 65) Ýmsir athafnamenn áttu hér skipti hver við annan. – Leikmönnum í báðum liðunum er heldur illa hvorum við aðra.
- 66) Hér hefur verið höggvið stórt skarð í ættina.
- 67) Drengirnir lásu hvor sína bókina. Eða: Drengirnir lásu sína bókina hvor.
- 68) Bílstjórinn kom í veg fyrir slys / afstýrði slysi / með því að aka út af veginum.
- 69) Þegar hér var komið sögu var Jón orðinn gamall og hrumur.
- 70) Guðrún Jónsdóttir var gift Guðmundi Guðmundssyni. Eða: GJ átti GG.
- 71) Hann hefur ekki léð máls á því að breyta reglunum.
- 72) Kreppan mikla hafði víðtæk áhrif hér á landi allan fjórða áratuginn.
- 73) Hana langaði að hitta móður sína og systur. – Hann saknaði föður síns og bróður.
- 74) a) Það er gagn að þessu.  
b) Hafa má gagn af þessu.  
c) Að lokum gekk Egill af Ljóti hinum bleika dauðum.  
d) Strákurinn gerði þetta af ásettu ráði.  
e) Að gefnu tilefni skal tekið fram að hér er bannað að hlæja að félögum sínum.

- f) Það sópar að henni.
- g) Þeir voru sammála að þessu leyti.
- h) Þetta er bannað af þessari ástæðu.
- i) Hann er rammur að afli.
- j) Að föður sínum látnum tók hann við jörðinni.
- k) Ekki er mark að draumum.
- l) Þessi fátækt er af manna völdum.
- 75) Guðrún hafði fengið góðan orðstír sem kennari. Eða: Guðrún hafði getið sér gott orð sem kennari. Eða: Gott orð fór af Guðrúnu sem kennara.
- 76) a) Þennan atburð bar oft á góma.
- b) Hvali rekur þar stundum á fjörur.
- c) Nátttröllin hefur dagað uppi.
- d) Öldur hefur nú lægt í þessu deilumáli.
- e) Þá bar að garði hvímeiða náunga.
- f) Honum hafði sinnast við mann á Akureyri.
- g) Kristin og Sigurð greinir á um túlkun laganna.
- h) Þá rak í rogastans er fréttirnar bárust.
- i) Þykkar reykjarmökk lagði frá húsinu.
- j) Þetta er dæmi um þær öfgar sem nú gætir í samfélaginu.
- k) Báturinn tók niðri í innsiglingunni.
- 77) Hvað réd vali þínu um vinnu? – Herinn rédst til atlögu snemma um morguninn.
- 78) Fischer sagði að vegabréfið hefði verið tekið af sér.
- 79) Friðrik vann mótið.
- 80) Tíðni banaslysa í umferðinni hefur hækkað hér á landi. Eða: Fleiri farast í umferðinni hér á landi en áður.
- 81) Sigríður talaði við vinkonur sínar, Unni Björk og Hildi Björgu, og ... hjálpa Hallfríði Fanneysju, frænku ... óskuðu eftir liðsinni Eyglóar Drafnar. Guðmundur, ... tala við vini sína, Skarphéðin Frey og Kristin Þór, og hann ... féлага sinna, þeirra Haralds Más, Hákonar Inga og Hjartar Snæs.
- 82) Þetta er nýja tölvan hans Jóns.
- 83) Starfsmönnum stofnunarinnar ber að koma til vinnu á réttum tíma.
- 84) Hann átti ekki / annars úrkosti / annað úrkosta. Eða: Hann átti ekki annarra kosta vöð.
- 85) „Eigi skal höggva,“ sagði Snorri. – Þetta minnir á fræg orð Árna Árnasonar við Úffelen í Íslandsklukkunni.
- 86) Hún er völd að þessu slysi. Eða: Hún olli þessu slysi.
- 87) Ráðherrann bíður eftir skýrslu um málið. – Ráðherrann fellst á kjarasamninga við opinbera starfsmenn.
- 88) Hér hljóta ýmsar spurningar að vakna.
- 89) Þetta eru best launuð störf / best launuðu störfín / hér á landi.
- 90) Karlar keyptu blóm á konudaginn. – Ráðherrann samþykkti ekki / féllst ekki á þessar hugmyndir.
- 91) Hún varð vör við þetta. – Þær urðu varar við þetta.
- 92) a) Manninn langar að fara heim.
- b) Sigurð hryllti við þessari sýn.
- c) Konurnar vantar aðstoð í þessu máli.
- d) Mig dreymdi ljótan draum í nótt.
- e) Mennina skortir allar lífsnauðsynjar.
- f) Hana verkjar í sárið.

- g) Hann munar um þennan styrk.
- h) Börnin lengir eftir komu jólanna.
- i) Þórunn hlakkar til þess að fara utan.
- 93) Íslendingar standa sig vel í samanburði við Dani. – Íslendingar eru í hópi ríkustu þjóða heims.
- 94) Skartgripunum var síðar stolið. Eða: Þjófur stálu síðar skartgripunum.
- 95) Fimm mönnum, sem talið er að tengist Vítisenglum í Noregi, hefur verið vísað úr landi. – Fólkinu, sem sá til þeirra, tókst að bjarga konunni frá manninum.
- 96) Námsmönnum í Háskóla Íslands hefur fjölgað. Eða: Fleiri námsmenn eru í Háskóla Íslands. – Fólki hefur fjölgað um 2% á ári. Eða: Fólksfjölgun hefur verið 2% á ári.
- 97) Hún bjó sig vel undir prófið. – Fyrsta málfræðiritgerðin var samín um 1150. Hún er mjög athyglisverð og þar er mikill fróðleikur um fornmálið.
- 98) Það er til skammar að hún, veik konan, komst ekki á sjúkrahús sökum fátæktar.
- 99) Við föllumst á þessa lausn málsins / ef þeir ábyrgjast / ábyrgist þeir / greiðslu fjárins. – Hann mundi / myndi gera þetta ef hann gæti. Eða: Hann gerði þetta ef hann gæti.
- 100) Hér verður fjallað um dauðarefsingar. Eða: Dauðarefsingar eru viðfangsefnið hér.